

1987 nr. 50 30. mars**Umferðarlög¹⁾**¹⁾ Augl. 115/1988 (gildi reglugerða samkvæmt eldri umferðarlögum).**I. Gildissvið o.fl.***Gildissvið.*

■ **1. gr.** Ákvæði laga þessara gilda, nema annað sé ákveðið, um umferð á vegum.

□ Þar sem vegur er fyrir sérstaka tegund umferðar, gilda ákvæði laganna, eftir því sem við á.

□ Ákvæði laganna gilda einnig, eftir því sem við á, um umferð ökutækja á lóðum, lendum, afréttum og almenningum.

Skilgreiningar.■ **2. gr.***Akbraut:*

Sá hluti vegar, sem ætlaður er fyrir umferð ökutækja.

Akrein:

Hver og ein af samhliða reinum, sem akbraut er skipt í að endilöngu með merkjum eða er nægilega breið fyrir umferð bifreiða í einni röð.

[Áspungi:

Þungi sem flyst á veg af hjólum á einum ás ökutækis.]¹⁾

Bifhjól:

Vélknúid ökutæki sem ekki telst torfærutæki og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflytninga og er á tveimur hjólum, með eða án hliðarvagns, eða á þremur hjólum og innan við 400 kg að eigin þyngd.

Bifreið:

a. Vélknúid ökutæki sem ekki telst torfærutæki og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflytninga og er á fjórum hjólum eða fleiri eða á þremur hjólum og 400 kg að eigin þyngd eða meira og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klst. eða aka má svo hratt án verulegra breytinga.

b. Vélknúid ökutæki, sem aðallega er ætlað til að draga annað ökutæki og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klst.

c. Vélknúid ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflytninga og/eða til að draga annað ökutæki og er búid beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er 400 kg að eigin þyngd eða meira.

Dráttarvél:

Vélknúid ökutæki, sem aðallega er hannað til að draga annað ökutæki og draga, yta, flytja og knýja vinnutæki og er á hjólum og/eða beltum.

Eftirvagn:

Ökutæki, sem hannað er til að vera dregið af öðru ökutæki og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflytninga.

Eigin þyngd:

Þyngd ökutækis, sem tilbúid er til notkunar, að meðtöldum búnaði, sem því fylgir að jafnaði, eldsneyti, smurólú, kæli vatni, varahjólí, verkfærum o.þ.h.

Gangbraut:

Sérstaklega merktur hluti vegar, sem ætlaður er gangandi vegfarendum til að komast yfir akbraut.

Gangstétt:

Sá hluti vegar til hliðar við akbraut, sem aðallega er ætlaður gangandi vegfarendum.

Heildarþyngd:

Þyngd ökutækis með ökumanni, farþegum, farmi og viðfestum vinnutækjum. Leyfð heildarþyngd ökutækis er sú heildarþyngd, sem leyfð er við skráningu þess.

Hliðarvagn:

Ökutæki á einu hjóli, sem tengt er við hlið bifhjólís á tveimur hjólum og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflytninga.

Hópbifreið:

Bifreið, sem ætluð er til flutnings fleiri en átta farþega, einnig þótt bifreiðin sé jafnframt ætluð til annarra nota.

Lagning ökutækis:

Staða ökutækis, með eða án ökumanns, lengur en þarf til að hleypa farþegum inn eða út, lesta það eða losa.

Létt bifhjól:

[Bifhjól sem búid er brunahreyfli sem ekki er yfir 50 rúmsentimetrar að slagrúmmáli eða búid rafhreyfli og er eigi hannað til hraðari aksturs en 45 km á klst.]²⁾

Reiðhjól:

Ökutæki, sem knúid er áfram með stig- eða sveifarbúnaði og eigi er eingöngu ætlað til leiks. Sem reiðhjól telst einnig vélknúinn hjólastóll, sem eigi er hannaður til hraðari aksturs en 15 km á klst. og verður einungis ekið hraðar með verulegri breytingu.

Tengitæki:

Ökutæki, sem hannað er til að vera dregið af öðru ökutæki og er ekki eftirvagn. Enn fremur hjólhýsi og tjaldvagn.

Torfærutæki:

a. Vélknúid ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflytninga og/eða til að draga annað ökutæki og er búid beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er innan við 400 kg að eigin þyngd.

b. Vélknúid ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflytninga utan vega og er á hjólum og innan við 400 kg að eigin þyngd.

Vegamót:

Þar sem vegir mætast eða skerast eða vegur greinist.

Vegfarandi:

Hver sem fer um veg eða er staddur á vegi eða í ökutæki á vegi.

Vegur:

Vegur, gata, götuslóði, stígur, húsasund, brú, torg, bifreiðastaði eða þess háttar, sem notað er til almennrar umferðar.

Vélknúid ökutæki:

Ökutæki búid aflvél til að knýja það áfram.

Vinnuvél:

a. Vélknúid ökutæki, sem aðallega er ætlað til sérstakra verka, er búid áfestum tækjum eða vélum og er á hjólum og/eða beltum.

b. Vélknúid ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflytninga eða til að draga annað ökutæki og er á hjólum og eigi er hannað til hraðari aksturs en 30 km á klst., þó eigi bifhjól.

c. Vélknúid ökutæki, sem stjórnað er af gangandi manni.

Þéttbýli:

Svæði afmarkað með sérstökum merkjum, sem tákna þéttbýli.

Ökutæki:

Tæki á hjólum, beltum, völtum, meiðum eða öðru, sem ætlað er til aksturs á landi og eigi rennur á spori.

...¹⁾

¹⁾ L. 44/1993, 1. gr. ²⁾ L. 138/1996, 1. gr.

■ **3. gr.** Ákvæði um umferð ökutækja gilda, eftir því sem við á, einnig um reiðmenn [og þá sem teyma eða reka búfé].¹⁾

□ Ákvæði um gangandi vegfarendur gilda einnig um þann sem er á skíðum, hjólaskíðum, skautum eða svipuðum tækjum; enn fremur um þann sem rennir sér á sleða eða dregur með sér eða leiðir tæki eða hjól. Þau gilda og um fatlaðan mann sem sjálfur ekur hjólástól.

¹⁾ L. 44/1993, 2. gr.

II. Reglur fyrir alla umferð.

Meginreglur.

■ **4. gr.** Vegfarandi skal sýna tillitssemi og varúð svo að eigi leiði til hættu eða valdi tjóni eða óþægindum, og þannig að eigi truflfi eða tefji umferð að óþörfu. Hann skal og sýna þeim, sem búa eða staddir eru við veg, tillitssemi.

□ Sérstaka tillitssemi skal sýna börnum, öldruðum og þeim, sem bera auðkenni fatlaðra eða eru sýnilega sjón- eða heyrnarskertir, fatlaðir eða sjúkir, þannig að háí þeim í umferðinni. Dómsmálaráðherra setur reglur um auðkenni fatlaðra.¹⁾

□ Lögreglustjóri og veghaldari skulu í samráði við viðkomandi skólayfirvöld gera ráðstafanir til að vernda börn gegn hættu í umferðinni á leið þeirra til og frá skóla.

¹⁾ Rg. 260/1970.

Leiðbeiningar fyrir umferð.

■ **5. gr.** Vegfarandi skal fara eftir leiðbeiningum um umferð, sem gefnar eru með umferðarmerkjum, umferðarljósum eða hljóðmerkjum eða öðrum merkjum á eða við veg, sbr. 84. gr. Leiðbeiningar þessar gilda frammar almennum umferðarreglum.

□ Leiðbeiningar gefnar með umferðarljósum gilda frammar leiðbeiningum um biðskyldu eða stöðvunarskyldu samkvæmt umferðarmerki.

□ Vegfarandi skal fara eftir leiðbeiningum um umferð, sem lögreglumáður eða sá annar, sem dómsmálaráðherra hefur heimilað að stjórna umferð, gefur. Þær leiðbeiningar gilda frammar leiðbeiningum, sem gefnar eru á annan hátt.

[*Akstur utan vega.*]¹⁾

¹⁾ L. 44/1993, 3. gr.

■ **[5. gr. a.]** Í þéttbýli má ekki í heimildarleysi aka, stöðva eða leggja vélknúna ökutæki utan vega á svæði sem ekki er ætlað fyrir umferð vélknúinna ökutækja.

□ Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um akstur vegna óhjákvæmilegrar þjónustu, sjúkraflutninga eða annarrar ámóta óhjákvæmilegrar umferðar sem upp kemur.¹⁾

¹⁾ L. 44/1993, 3. gr.

Leikir o.fl.

■ **6. gr.** Eigi má stökkva af eða upp í ökutæki á ferð eða vera utan á ökutæki á ferð.

□ Eigi má draga vagn, sleða eða þess háttar aftan í ökutæki, sbr. þó 62. gr. Eigi má hanga í ökutæki á ferð eða draga með ökutæki á vegi þann, sem er á skíðum, hjólaskíðum, skautum eða svipuðum tækjum.

□ Eigi má vera að leik á vegi, þannig að til óþæginda verði fyrir umferð.

Vistgötur.

■ **7. gr.** Ákvæði greinar þessarar gilda um umferð á svæði, sem afmarkað er með sérstökum merkjum, sem tákna vistgötu.

□ Heimilt er að dveljast og vera að leik á vistgötu. Þar ber að aka mjög hægt, að jafnaði eigi hraðar en 15 km á klst. Ef gangandi vegfarandi er nærri má eigi aka hraðar en á venjulegum gönguhraða.

□ Ökumaður skal sýna gangandi vegfarenda sérstaka tillitssemi og víkja fyrir honum. Gangandi vegfarandi má eigi hindra för ökutækis að óþörfu.

□ Eigi má leggja ökutækjum nema á sérstaklega merktum stæðum. Ákvæði þetta gildir eigi um reiðhjól.

Neyðarakstur o.fl.

■ **8. gr.** Dómsmálaráðherra setur reglur¹⁾ um neyðarakstur og getur undanþegið þann akstur frá ákvæðum laga þessara.

□ Nú notar ökumaður ökutækis, sem ætlað er til neyðaraksturs, sérstök hljóð- eða ljósmerki við akstur og skulu aðrir vegfarendur þá víkja úr vegi í tæka tíð. Ökumenn skulu nema staðar ef nauðsyn ber til. Dómsmálaráðherra ákveður hvernig merkjum þessum skuli háttað.²⁾ Þau má eingöngu nota þegar nauðsyn ber til og er stjórnanda ökutækisins skylt að taka tillit til annarra vegfarenda.

□ Vélknúð ökutæki, sem í einstakt skipti er notað til aksturs í þjónustu lögreglu, slökkviliðs eða í lífsnauðsyn, svo sem við flutning sjúks manns eða slasaðs, og er greinilega auðkennt að framan með hvíttri veifu, er við þann akstur jafnsett ökutæki sem ætlað er til neyðaraksturs. Stjórnandi ökutækisins skal tilkynna lögreglunni um aksturinn svo fljótt sem auðið er að akstri loknum. Heimildarlaus notkun hvítrar veifu er bönnuð.

□ Óviðkomandi má eigi koma svo nærri slys- eða brunastað að hamli björgunar- eða slökkvistarfi, þar á meðal akstri að og frá staðnum.

□ Vegfarandi má eigi rjúfa eða á annan hátt hindra för líkfylgdar, hóps barna undir leiðsögn stjórnanda eða annarrar lögmætrar hópöngu.

¹⁾ Rg. 101/1988. ²⁾ Rg. 915/2000, sbr. 354/2001.

Skemmdir á umferðarmerkjum.

■ **9. gr.** Án leyfis má eigi nema brott eða breyta umferðarmerki.

□ Sá, sem á hlut að því að skemma umferðarmerki, skal strax lagfæra það, ef kostur er. Annars ber honum að tilkynna lögreglunni þegar um atburðinn og gera nauðsynlegar ráðstafanir til viðvörunar öðrum vegfarendum.

Skyldur vegfarenda við umferðaróhapp.

■ **10. gr.** Vegfarandi, sem á hlut að umferðarslysi eða öðru umferðaróhappi, skal þegar nema staðar, hvort sem hann á sök á eða ekki. Hann skal veita slösuðum mönnum og dýrum hverja þá hjálp, sem honum er unnt, og taka að öðru leyti þátt í aðgerðum, sem óhappið gefur efni til. Hver sá, sem hlut á að umferðaróhappi eða hefur verið sjónarvottur að því, skal skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er óskað af öðrum þeim, sem hlut á að óhappinu eða hefur orðið fyrir tjóni.

□ Ef maður hefur látist eða slasast í umferðarslysi skal sá, sem átti hlut að því, tilkynna lögreglunni um slysið svo fljótt sem auðið er. Ef tjón hefur orðið á eignum og enginn er viðstaddur til að taka við upplýsingum, sem um ræðir í 1. mgr., skal tjónvaldur tilkynna það tjónþola eða lögreglunni svo fljótt sem auðið er.

□ Hafi maður látist eða slasast alvarlega í umferðarslysi, má eigi raska vettvangi eða fjarlægja ummerki, sem þýðingu geta haft fyrir rannsókn þess. Ef ökutæki veldur verulegri hættu fyrir umferðina skal þó færa það úr stað.

III. Umferðarreglur fyrir gangandi vegfarendur.

■ **11. gr.** Gangandi vegfarandi skal nota gangstétt, gangstíg eða þann hluta vegar, sem liggur utan akbrautar (vegaröxl). Ef ekki er gangstétt, gangstígur eða vegaröxl meðfram vegi má nota akbraut. Skal þá að jafnaði gengið við vinstri vegarbrún í gönguátt og ekki fleiri en tveir samhliða. Ef gangandi vegfarandi leiðir reiðhjól eða létt bifhjól skal hann ganga við hægri vegarbrún. Gangandi vegfarandi má þó nota gagnstæða

vegarbrún, ef hann væri annars í hættu eða sérstakar aðstæður mæla með því.

□ Á gangstétt, gangstíg eða vegaröxl má gangandi vegfarandi hvorki leiða reiðhjól eða létt bifhjól né flytja með sér fyrirferðarmikla hluti, ef það er til verulegra óþæginda fyrir aðra.

■ **12. gr.** Gangandi vegfarandi, sem ætlar yfir akbraut, skal hafa sérstaka aðgát gagnvart ökutækjum, sem nálgast. Hann skal fara yfir akbrautina án óþarfrar tafar.

□ Þegar farið er yfir akbraut skal nota gangbraut, ef hún er nálæg. Sama á við um göng og brú fyrir gangandi vegfarendur. Að öðrum kosti skal ganga þvert yfir akbraut og að jafnaði sem næst vegamótum.

□ Þar sem umferð er stjórnad af lögreglu eða með umferðarljósum má einungis ganga yfir akbraut þegar grænt ljós er fyrir umferð gangandi vegfarenda eða lögreglan gefur til kynna með merkjagjöf að umferð gangandi sé heimil.

IV. Umferðarreglur fyrir ökumenn.

Notkun akbrauta.

■ **13. gr.** Ökumaður skal nota akbraut. Bannað er að aka eftir gangstétt eða gangstíg.

□ Þar sem sérstakar reinar eru fyrir mismunandi tegundir ökutækja, skal ökumaður nota þá rein, sem ökutæki hans er ætluð.

Hvar aka skal á vegi.

■ **14. gr.** Ökumaður skal vera með ökutæki sitt eins langt til hægri og unnt er með tilliti til annarrar umferðar og aðstæðna að öðru leyti.

□ Nú er akbraut með þremur akreinum, og má þá eigi aka á þeirri akrein, sem er lengst til vinstri miðað við akstursstefnu, nema einstefnuakstur sé á akbrautinni.

□ Ökutæki, sem ekið er á eftir öðru ökutæki, skal vera svo langt frá því, að eigi sé hætt á árekstri, þótt ökutækið, sem er á undan, stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Utan þéttbýlis skal ökutæki, sem háð er sérstökum hraðareglum samkvæmt 38. gr., auk þess vera svo langt frá næsta ökutæki á undan, að þeir, sem fram úr aka, geti án hættu komist á milli þeirra.

□ Aka skal hægra megin við umferðareyju o.þ.h., sem komið er fyrir á akbraut. Þó má aka vinstra megin, ef það er gefið til kynna með merki eða ekið er á akbraut með einstefnuakstri.

□ Ökutæki í vegavinnu má aka eftir því sem þörf er á vegna vinnunnar, enda sé sýnd full aðgæsla.

Akstur á vegamótum og í beygjum.

■ **15. gr.** Ökumaður, sem nálgast vegamót á akbraut með tvær eða fleiri akreinar í akstursstefnu sína, skal í tæka tíð færa ökutæki sitt á þá akrein, sem lengst er til hægri, ef hann ætlar að beygja til hægri, en á þá akrein, sem lengst er til vinstri, ef hann ætlar að beygja til vinstri. Sá, sem ætlar beint áfram, getur notað þá akrein, sem er hentugust með tilliti til annarrar umferðar og fyrirhugaðrar akstursleiðar.

□ Ökumaður, sem ætlar að beygja á vegamótum, skal ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra, sem fara í sömu átt. Hann skal sérstaklega gefa gæm umferð, sem á eftir kemur.

□ Við hægri beygju ber að aka sem næst hægri brún akbrautar og skal beygjan tekin eins kröpp og unnt er. Við vinstri beygju skal aka sem næst miðju akbrautar og á akbraut með einstefnuakstri eins nálægt vinstri brún og unnt er. Beygjuna skal taka þannig, að þegar ökutækið kemur út af vegamótunum, sé það hægra megin á akbrautinni, sem beygt er inn á.

□ Nú er akbraut, sem beygt er inn á, með tvær eða fleiri akreinar fyrir umferð í sömu akstursstefnu, og skal þá beygjan, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr., tekin svo sem hentugast er með tilliti til annarrar umferðar og fyrirhugaðrar akstursleiðar.

□ Nú koma tveir ökumenn úr gagnstæðum áttum á vegamót, og ætla báðir að beygja til vinstri. Með þeim þá aka vinstra megin hvor fram hjá öðrum, þegar þeir mætast, ef það er unnt án hættu eða óþæginda.

■ **16. gr.** Ákvæði 1.–3. mgr. 15. gr. gilda einnig um akstur yfir akbraut eða af henni, þótt eigi sé um vegamót að ræða.

□ Ökutæki í vegavinnu má aka eftir því sem þörf er á vegna vinnunnar, enda sé sýnd full aðgæsla.

Að snúa ökutæki, aka aftur á bak og skipta um akrein.

■ **17. gr.** Ökumaður skal, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra.

□ Ökumaður skal, áður en hann ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Sama er, ef ökumaður ætlar að stöðva ökutæki eða draga snögglega úr hraða þess.

□ Ökumaður á aðrein skal aðlaga hraða ökutækis síns umferð á akrein þeirri, sem hann ætlar inn á, og fara af aðreininni strax og það er unnt án hættu eða óþarfa óþæginda. Ökumaður á akrein, sem umferð af aðrein ætlar inn á, skal auðvelda þeirri umferð akstur inn á akreinina.

□ [Frárein]¹⁾ skal nota strax og hún byrjar.

¹⁾ L. 44/1993, 4. gr.

Akstur við biðstöð hópþreifreiða o.fl.

■ **18. gr.** Ökumaður, sem í þéttbýli nálgast biðstöð þar sem hópþreifreið hefur numið staðar, skal, ef ökumaður hennar hefur gefið merki um að hann ætli að aka af stað, draga úr hraða og, ef nauðsyn ber til, nema staðar þannig að hópþreifreiðin geti ekið frá biðstöðinni. Ökumaður hópþreifreiðarinnar skal eftir sem áður hafa sérstaka aðgát til að draga úr hættu.

□ Ökumaður, sem nálgast merкта skólabilreið sem numið hefur staðar til að hleypa farþegum inn eða út, skal hafa sérstaka aðgát. Sama á við þegar skólabilreið er ekið frá slíkum stað.

Þegar ökutæki mætast.

■ **19. gr.** Þegar ökutæki mætast skal þeim ekið hægra megin hvoru fram hjá öðru og þess gætt, að nægilegt hliðarbil sé milli þeirra. Aka ber varlega og sýna öðrum vegfarendum tillitssemi og nema staðar, ef nauðsyn ber til. Ef hindrun er á hluta vegar skal sá ökumaður nema staðar, sem er þeim megin á akbrautinni, sem hindrunin er. Ef ökutæki mætast þar sem vegur er svo mjór, að hvorugt kemst fram hjá hinu áhættulaust, skal sá ökumaður, sem betur fær því við komið, aka út af vegi eða aftur á bak.

□ Mæta má ökutæki í vegavinnu eins og best hentar, enda sé sýnd full aðgæsla.

Framúrakstur.

■ **20. gr.** Aka skal vinstra megin fram úr ökutæki. Þó skal aka hægra megin fram úr ökutæki, ef ökumaður þess beygir til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju. Hjólreiðamaður má fara hægra megin fram úr öðrum ökutækjum en reiðhjólum.

□ Ökumaður, sem ætlar fram úr ökutæki, skal ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu, og athuga sérstaklega:

a. að akrein sú, sem nota á til framúraksturs, sé án umferðar á móti á nægilega löngum kafla og að ekki sé annað, er hindri framúraksturinn,

b. að sá, sem á undan er, hafi ekki gefið merki um, að hann ætli að aka fram úr öðru ökutæki,

c. að enginn, sem á eftir ekur, hafi byrjað akstur fram úr honum, og

d. að hann geti komist inn í umferðarstrauminn á ný án óþæginda fyrir aðra, þegar framúrakstri lýkur. Þetta á þó eigi við um framúrakstur á akrein þar sem mótumferð er óheimil.

□ Sá, sem ekur fram úr, skal hafa nægilegt hliðarbíl milli ökutækis síns og þess, sem ekið er fram úr. Sá, sem ekið hefur vinstra megin fram úr, skal aka til hægri á ný, svo fljótt sem unnt er án hættu eða óþæginda. Hann þarf þó ekki að aka til hægri, ef ætlunin er að aka þá þegar fram úr enn öðru ökutæki og skilyrði til framúraksturs eru að öðru leyti fyrir hendi.

□ Aka má fram úr ökutæki í vegavinnu á þann hátt sem hentugastur er, enda sé sýnd full aðgæsla.

■ **21. gr.** Þegar ökumaður verður þess var, að ökumaður, sem á eftir kemur, ætlar að aka fram úr vinstra megin, skal hann vera með ökutæki sitt eins langt til hægri og unnt er. Má hann ekki auka hraðann eða torvelda framúraksturinn á annan hátt.

□ Ef ökutæki er ekið hægt eða er fyrirferðarmikið og akbraut er mjó eða bugðótt eða umferð kemur á móti, skal ökumaður gæta sérstaklega að umferð, sem kemur á eftir. Ef það getur auðveldað framúrakstur skal hann aka til hliðar eins fljótt og unnt er, draga úr hraða og nema staðar, ef þörf krefur.

Bann við framúrakstri.

■ **22. gr.** [Eigi má aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim. Heimilt er þó að aka fram úr öðru ökutæki ef skilyrði til framúraksturs eru að öðru leyti fyrir hendi og

a. ökutækin eru á akbraut með tveimur eða fleiri akreinum í akstursstefnu þeirra,

b. aka skal hægra megin fram úr vegna ökutækis sem beygt er til vinstri,

c. umferð á vegamótum er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum, eða

d. umferð hefur forgang gagnvart umferð af hliðarvegi, sbr. 2. mgr. 25. gr.]¹⁾

□ Eigi má heldur aka fram úr öðru ökutæki, þegar vegsýn er skert vegna hæðar eða beygju á vegi, nema unnt sé að aka fram úr á akrein þar sem umferð á móti er óheimil.

□ Ákvæði greinarinnar á ekki við um akstur fram úr reiðhjólum eða léttu bifhjólum.

¹⁾ L. 44/1993, 5. gr.

*Framúrakstur og akreinaskeppi í [þéttri umferð].*¹⁾

¹⁾ L. 62/1988, 1. gr.

■ **23. gr.** Í þéttri umferð ökutækja á tveimur eða fleiri akreinum í sömu akstursstefnu þar sem hraðinn ræðst af þeim, sem á undan fara, má aka hægra megin fram úr ökutæki á annarri akrein. Þegar þannig stendur á má ekki skipta um akrein, nema þess þurfi til að beygja á vegamótum, aka af akbraut, stöðva ökutæki eða leggja því.

□ Aka má fram úr ökutæki, ef öðru ökutækjanna er ekið á akrein, sem ætluð er sérstakri tegund umferðar.

Framúrakstur við gangbraut.

■ **24. gr.** Eigi má aka fram úr ökutæki rétt áður en komið er að gangbraut eða á henni. Ef umferð við gangbraut er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum, má þó aka fram úr ökutæki, ef það hindrar eigi útsýn yfir gangbrautina.

Skylda til að veita öðrum forgang.

■ **25. gr.** Ökumaður skal hafa sérstaka aðgát við vegamót.

□ Ökumaður, sem ætlar að aka inn á eða yfir veg, skal veita umferð ökutækja á þeim vegi úr báðum áttum forgang, ef það er gefið til kynna með umferðarmerki um biðskyldu eða stöðvunarskyldu.

□ Nú ætlar ökumaður að aka út á veg af bifreiðastæði, lóð, landareign, bensínstöð eða svipuðu svæði eða af götuslóða, stíg, göngugötu, vistgötu, heimreið eða svipuðum vegi eða af gangstétt eða vegaröxl og skal hann þá veita umferð í veg fyrir leið hans forgang.

□ Þegar ökumenn stefna svo, að leiðir þeirra skerast á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum, skal sá þeirra, sem hefur hinn sér á hægri hönd, veita honum forgang.

□ Ökumaður, sem á að veita öðrum forgang, skal gefa greinilega til kynna, að hann muni veita forgang með því að draga úr hraða í tæka tíð eða nema staðar. Hann má því aðeins aka áfram, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir önnur ökutæki miðað við, hvar þau eru á vegi, hver fjarlægð þeirra er og hraði.

□ Þegar ökumaður ætlar að beygja á vegamótum, ber honum að veita forgang þeirri umferð, sem á móti kemur, svo og gangandi vegfarendum [og hjólreiðamönnum],¹⁾ sem fara þvert yfir akbraut þá, sem hann ætlar að fara á. Sama á við um akstur yfir eða af akbraut þar sem eigi eru vegamót.

□ Ökumaður, sem nálgast eða ekur inn á vegamót, skal haga akstri sínum þannig, að hann valdi ekki umferð á veginum, sem hann fer yfir, óþarfa óþægindum, ef hann neyðist til að nema þar staðar. Á vegamótum, þar sem umferð er stjórnað með umferðarljósum, má ökumaður eigi aka inn á vegamótin á grænu ljósi, ef honum má vera ljóst af aðstæðum í umferðinni, að hann muni eigi komast yfir vegamótin, áður en grænt ljós kviknar fyrir umferð úr þverstæðri átt.

¹⁾ L. 44/1993, 6. gr.

Sérstakar skyldur gagnvart gangandi vegfarendum.

■ **26. gr.** Ökumaður, sem mætir eða ekur fram hjá gangandi vegfaranda, skal gefa honum tíma til að víkja til hliðar og veita honum nægilegt rými á veginum.

□ Ökumaður, sem ætlar að aka yfir gangstétt eða gangstíg eða að aka út á akbraut frá lóð eða svæði við veginn, skal bíða meðan gangandi vegfarandi fer fram hjá. Sama á við um akstur inn á eða yfir göngugötu.

□ Við akstur á göngugötu skal ökumaður hafa sérstaka aðgát og tillitsssemi gagnvart gangandi vegfaranda.

□ Við beygju á vegamótum má ökumaður ekki valda gangandi vegfaranda, sem fer yfir akbraut þá, sem beygt er inn á, hættu eða óþægindum. Sama á við um akstur yfir akbraut eða af henni, þar sem ekki eru vegamót.

□ Við gangbraut, þar sem umferð er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum, skal ökumaður bíða eftir gangandi vegfaranda, sem er á gangbrautinni á leið yfir akbrautina, þótt umferð sé að öðru leyti heimil í akstursstefnu ökumannsins. Ef gangbrautin er við vegamót og ökumaður kemur að henni úr beygju á vegamótunum, skal hann aka hægt og bíða meðan gangandi vegfarandi, sem er á gangbrautinni eða á leið út á hana, kemst fram hjá.

□ Ökumaður, sem nálgast gangbraut, þar sem umferð er ekki stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum, skal aka þannig að ekki valdi gangandi vegfaranda á gangbrautinni eða á leið út á hana hættu eða óþægindum. Skal ökumaður nema staðar, ef nauðsynlegt er, til að veita hinum gangandi færi á að komast yfir akbrautina.

□ Ökumaður skal forðast, svo sem unnt er, að stöðva ökutæki á gangbraut.

Stöðvun ökutækis og lagning þess.

■ **27. gr.** Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því á þeim stað eða þannig að valdið geti hættu eða óþarfa óþægindum fyrir umferðina.

□ Á vegi má einungis stöðva ökutæki eða leggja því hægra megin. Þar sem einstefnuakstur er, má þó setja aðrar reglur, sbr. 2. mgr. 81. gr. Utan þéttbýlis má stöðva ökutæki eða leggja því vinstra megin, ef nauðsyn krefur vegna sérstakra aðstæðna. Stöðva skal ökutæki eða leggja því við ystu brún akbrautar og samhliða henni eða utan hennar, ef unnt er.

□ Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því á gangstétt eða gangstíg, nema annað sé ákveðið, sbr. 2. mgr. 81. gr. Sama á við um umferðareyjar og svipaða staði.

□ Þegar ökumaður yfirgefur vélknúið ökutæki skal hann stöðva vél þess og búa svo um að það geti ekki runnið sjálfkrafa eða aðrir látið það fara af stað.

□ Opna skal dyr ökutækis þannig, að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum. Sama á við, þegar farið er í eða úr ökutæki, svo og við fermingu og affermingu.

■ **28. gr.** Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því:

a. á gangbraut eða í minna en 5 metra fjarlægð áður en að henni er komið,

b. á vegamótum eða í minna en 5 metra fjarlægð frá næstu brún akbrautar á þvervegi,

c. þannig að skyggi á umferðarmerki eða umferðarljós,

d. í göngum eða undir brú,

e. í eða við blindhæð eða beygju eða annars staðar þar sem vegsýn er skert,

f. þar sem akbraut er skipt í akreinar með hindrunarlínu eða svo nálægt slíkri línu að torveldi akstur inn á rétta akrein,

g. á hringtorgi,

h. á merktu staði fyrir leigubifreiðir til mannflutninga eða bifreiðir fatlaðra, og

i. í minna en 15 metra fjarlægð frá merki fyrir biðstöð hópþbifreiða.

□ Eigi má leggja ökutæki:

a. á brú,

b. þar sem ekið er að eða frá húsi eða lóð eða þannig að torveldi akstur þangað eða þaðan,

c. við hlið ökutækis, sem stendur við brún akbrautar, annars en reiðhjóls, léttis bifhjóls eða bifhjóls,

d. þannig að hindri aðgang að öðru ökutæki eða færslu þess af staðnum, og

e. við vatnshana slökkviliðs.

■ **29. gr.** Ákvæði 27. og 28. gr. gilda ekki um ökutæki í vegavinnu, enda sé nauðsynlegt að stöðva það eða leggja því vegna vinnunnar og fullnægjandi varúðarráðstafanir gerðar. Sama á við um ökutæki lögreglu, slökkviliðs eða sjúkraflutningaliðs.

Skyldur ökumanns, þegar ökutæki hefur stöðvast í sérstökum tilvikum.

■ **30. gr.** Nú stöðvast ökutæki vegna umferðaróhapps, vél-arbilunar eða annarra orsaka á stað, þar sem bannað er að stöðva ökutæki eða leggja því. Skal þá flytja það á viðeigandi stað eins fljótt og unnt er, nema það sé óheimilt samkvæmt 10. gr. Hafn ökutækið stöðvast á þannig stað eða svo að hætta eða óþægindi stafi af fyrir umferðina, skal ökumaður gera ráðstafanir til að vara aðra vegfarendur við þar til það hefur verið flutt brott.

□ Dómsmálaráðherra setur reglur¹⁾ um viðvörunarbúnað og notkun hans.

¹⁾ Rg. 915/2000, sbr. 354/2001.

Merki og merkjagjöf.

■ **31. gr.** Þegar nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir eða afstýra hættu skal ökumaður gefa hljóð- eða ljósmerki eða á annan hátt vekja athygli annarra vegfarenda á hættunni. Merki skal gefa þannig, að sem minnstum óþægindum valdi, og ekki að nauðsynjalausu. Hljóðmerki í tengslum við framúrakstur má einungis nota utan þéttbýlis. Hljóðmerki má eigi nota lengur en nauðsyn ber til. Þegar myrkur er skal ökumaður vélknúins ökutækis gefa ljósmerki í stað hljóðmerkis, nema um yfirvofandi hættu sé að ræða. Ljósmerki skal gefa með því að blikka háljósum eða lágljósum.

□ Ökumaður, sem ætlar að aka frá brún vegar, beygja, snúa eða skipta um akrein, skal gefa merki öðrum til leiðbeiningar. Sama á við um akstur til hliðar á vegi, nema um óverulega breytingu á akstursstefnu sé að ræða. Merkið skal gefa með stefnuljósi, þegar ökutækið skal búið slíku ljósi, en annars með því að rétta út hönd.

□ Ökumaður, sem ætlar að stöðva ökutæki eða draga snögglega úr hraða þess, skal gefa merki öðrum til leiðbeiningar. Merkið skal gefa með hemlaljósi, ef ökutækið skal búið slíku ljósi, en annars með því að rétta upp hönd.

□ Merki skv. 2. og 3. mgr. skal gefa tímanlega og á greinilegan og ótvíræðan hátt, áður en stefnu ökutækis er breytt, snögglega dregið úr hraða þess eða það er stöðvað. Merkja-gjöf skal hætt, þegar hún á ekki lengur við.

□ Merkja-gjöf leysir ökumann ekki undan varúðarskyldu.

Ljósanotkun.

■ **32. gr.** [Við akstur vélknúins ökutækis skulu lögboðin ljós eða önnur viðurkennd ökuljós jafnan vera tendruð.]¹⁾

□ [Við akstur ökutækis í rökkri, myrkri eða ljósaskiptum og þegar birta er vegna veðurs eða af öðrum ástæðum ófullnægjandi, hvort heldur er til að ökumaður sjái nægilega vel fram á veginn eða til að aðrir vegfarendur sjái ökutækið, skulu lögboðin ljós vera tendruð. Ökutæki, sem eigi skal búið ljósum, skal þá auðkennt samkvæmt reglum²⁾ sem dómsmálaráðherra setur.]¹⁾

□ Nota skal háan ljósgeisla þegar sjónsvið ökumanns nægir annars ekki til að aka örugglega miðað við ökuhraða.

□ Háan ljósgeisla má eigi nota:

a. þegar ekið er um nægilega vel lýstan veg,

b. þegar ekið er á móti öðru ökutæki, þannig að valdið geti ökumanni þess glýju, eða

c. þegar ekið er svo skammt á eftir öðru ökutæki, að valdið geti ökumanni þess óþægindum.

□ Nota skal lágan ljósgeisla, þegar ekki er skylt eða heimilt að nota háan ljósgeisla.

□ [Í þoku, þéttri úrkomu eða skafrenningi má nota þokuljós í stað eða ásamt lágum ljósgeisla. Hjálparljós má eigi nota til annars en þau eru ætluð.]¹⁾

□ Ljós má eigi nota þannig að valdið geti öðrum vegfarendum glýju.

□ Eigi má nota annan ljósabúnað eða glitmerki en boðið er eða heimilað í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

□ Dómsmálaráðherra getur sett reglur um varúðarmerki fyrir reiðmenn og hesta.

¹⁾ L. 44/1993, 7. gr. ²⁾ Rg. 915/2000, sbr. 354/2001.

■ **33. gr.** Stöðuljós skulu vera tendruð, ef ökutæki er stöðvað eða því er lagt á vegi í myrkri eða dimmviðri. Þetta á þó

ekki við, ef vegur er svo vel lýstur, að ökutækið sést greinilega úr nægilegri fjarlægð, eða það hefur verið stöðvað eða því lagt utan akbrautar. Ef ökutækið er eigi búið slíkum ljósum, skulu önnur lögboðin ljós vera tendruð. Ökutæki, sem eigi skal búið ljósum, skal þá auðkennt samkvæmt reglum¹⁾ sem dómsmálaráðherra setur.

□ Þegar svo stendur á sem í 1. mgr. segir mega önnur ljós en þar greinir eigi vera tendruð.

□ Ef vélknúnu ökutæki, sem ekki er meira en 6 m á lengd og 2 m á breidd, er lagt samhliða brún vegar í þéttbýli, þarf einungis að nota stöðuljós það . . .²⁾ sem nær er miðju vegar, nema ökutækið sé tengt öðru ökutæki. . . .²⁾

□ Ljós þurfa eigi að vera tendruð á reiðhjólum eða bifhjólum á hliðarvagns, ef þeim er lagt samhliða ystu brún vegar.

¹⁾ Rg. 915/2000, sbr. 354/2001. ²⁾ L. 44/1993, 8. gr.

[Akstursíþróttir og aksturskeppni.]¹⁾

¹⁾ L. 44/1993, 9. gr.

■ **34. gr.** [Dómsmálaráðherra getur sett reglur¹⁾ um akstursíþróttir á sérstöku afmörkuðum svæðum utan vega. Í þeim reglum er heimilt að víkja frá ákvæðum laganna um ökuskipteini og um lágmarksaldur ökumanns.]²⁾

□ Eigi má efna til aksturskeppni, nema með leyfi lögreglustjóra. Eigi má án samþykkis vegamálastjóra heimila keppni á þjóðvegi . . .³⁾ og án samþykkis sveitarstjórnar utan vega.

□ Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um aksturskeppni, þar á meðal um eftirlit, greiðslu kostnaðar o.fl. Í þeim reglum er heimilt að víkja frá ákvæðum laganna um fébótaábyrgð og váttryggingu, svo og ákvæðum um hámarks hraða, enda sé vegur þá lokaður annarri umferð eða keppni fari fram á afmörkuðu svæði utan vega.

¹⁾ Rg. 257/2000. ²⁾ L. 44/1993, 9. gr. ³⁾ L. 138/1996, 2. gr.

Óþarfa hávaði o.fl.

■ **35. gr.** Ökumaður vélknúins ökutækis skal haga meðferð þess og akstri þannig, að frá því stafi eigi hávaði eða loftmengun að öþörfu.

□ Í námunda við íbúðarhús skal haga hraða og akstursháttum þannig að eigi valdi óþarfa ónæði.

V. Ökuhraði.

Almennar reglur.

■ **36. gr.** Ökuhraða skal jafnan miða við aðstæður með sérstöku tilliti til öryggis annarra. Ökumaður skal þannig miða hraðann við gerð og ástand vegar, veður, birtu, ástand ökutækis og hleðslu, svo og umferðaraðstæður að öðru leyti. Hraðinn má aldrei verða meiri en svo að ökumaður hafi fullt vald á ökutækinu og geti stöðvað það á þeim hluta vegar fram undan, sem hann sér yfir og áður en kemur að hindrun, sem gera má ráð fyrir. Þegar skipt er frá háum ljósgeisla í lágan skal aðlaga ökuhraða hinu breytta sjónsviði.

□ Sérstök skylda hvílir á ökumanni að aka nægilega hægt miðað við aðstæður:

- í þéttbýli,
- þegar útsýn er takmörkuð vegna birtu eða veðurs,
- við vegamót og í beygjum,
- áður en komið er að gangbraut,
- við blindhæð eða annars staðar þar sem vegsýn er skert,
- þegar hætta er á að ljós valdi glýju,
- þegar ökutæki mætast á mjóum vegi,
- þegar vegur er blautur eða háll,
- þegar ökutæki nálgast hópbifreið eða merкта skólábifreið, sem numið hefur staðar til þess að hleypa farþegum inn eða út,
- þegar ökutæki nálgast barn á eða við veg,

k. þegar ökutæki nálgast aldraðan eða fatlaðan vegfaranda eða vegfaranda, sem ber auðkenni sjónskertra,

l. þegar ökutæki nálgast búfé á eða við veg,

m. þar sem vegavinna fer fram, og

n. þar sem umferðaróhapp hefur orðið.

□ Ökumaður má eigi að öþörfu aka svo hægt eða hemla svo snögglega að tefji eðlilegan akstur annarra eða skapi hættu.

□ Þegar vegur er blautur skal ökumaður, eftir því sem unnt er, aka þannig að vegfarendur verði ekki fyrir aurslettum.

Almennar hraðatakmarkanir.

■ **37. gr.** Í þéttbýli má ökuhraði ekki vera meiri en 50 km á klst.

□ Utan þéttbýlis má ökuhraði ekki vera meiri en 80 km á klst., þó 90 km á klst. á vegum með bundnu slitlagi.

□ Ákveða má hærri hraðamörk á tilteknum vegum, þó eigi meira en 100 km á klst., ef aðstæður leyfa og æskilegt er til að greiða fyrir umferð, enda mæli veigamikil öryggissjónarmið eigi gegn því.

□ Ákveða má lægri hraðamörk þar sem æskilegt þykir til öryggis eða af öðrum ástæðum.¹⁾

¹⁾ Rg. 269/1985.

Ökuhraði sérstakra gerða ökutækja.

■ **38. gr.** Ökuhraði [hópbifreiðar],¹⁾ sem er meira en 3500 kg að leyfðri heildarþyngd, má aldrei vera meiri en 90 km á klst.

□ Ökuhraði annarra bifreiða, sem eru meira en 3500 kg að leyfðri heildarþyngd, má aldrei vera meiri en 80 km á klst.

□ [Ökuhraði bifreiðar með eftirvagn eða skráð tengitæki má aldrei vera meiri en 80 km á klst.

□ Ökuhraði bifreiðar með eftirvagn, sem er án hemla og meira en 750 kg að heildarþyngd, eða óskráð tengitæki má aldrei vera meiri en 60 km á klst.]²⁾

□ [Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að ákveða megi sérstakan lægri hámarks hraða vélknúins ökutækis en segir í 37. gr. og 1.–4. mgr. þessarar greinar ef þess er þörf vegna hönnunar ökutækisins.]¹⁾

¹⁾ L. 44/1993, 10. gr. ²⁾ L. 138/1996, 3. gr.

VI. Sérreglur fyrir reiðhjól, bifhjól og torfærutæki.

Reiðhjól.

■ **39. gr.** Hjólreiðamenn skulu hjóla í einfaldri röð. Þar sem nægilegt rými er mega tveir þó hjóla samhliða, ef það er unnt án hættu eða óþæginda. Ef gefið er merki um framúrakstur mega hjólreiðamenn eigi hjóla samhliða, nema aðstæður leyfi eða nauðsyn krefji.

□ Hjólreiðamaður skal hjóla hægra megin á akrein þeirri, sem lengst er til hægri. Akreinina við hlið hennar má þó nota til framúraksturs, ef eigi er unnt að fara fram úr hægra megin.

□ Hjólreiðamaður, sem nálgast vegamót og ætlar að fara beint áfram eða beygja til vinstri, má vera áfram hægra megin á vegi. Ætli hann til vinstri skal hann fara beint áfram yfir vegamótin og beygja þá fyrst, þegar það er unnt án óþæginda fyrir aðra umferð. Gildir þetta þrátt fyrir umferðarmerki eða önnur merki, nema þau séu sérstaklega ætluð hjólreiðamönnum.

□ Heimilt er að hjóla á gangstétt og gangstíg, enda valdi það ekki gangandi vegfarendum hættu eða óþægindum. Hjólreiðamaður á gangstétt eða gangstíg skal víkja fyrir gangandi vegfarendum.

□ Hjólreiðamaður skal að jafnaði hafa fætur á fótstigum og a.m.k. aðra hönd á stýri.

□ Hjólreiðamaður má ekki hanga í öðru ökutæki á ferð eða halda sér í ökumann eða farþega annars ökutækis.

□ Læsa skal reiðhjól, sem lagt er, nema því sé lagt um stutta stund, og ganga þannig frá því, að eigi stafi hætta eða truflun af.

■ **40. gr.** Barn yngra en 7 ára má eigi hjóla á akbraut nema undir leiðsögn og eftirliti manns sem náð hefur 15 ára aldri.

□ Eigi má reiða farþega á reiðhjól. Þó má vanur hjólreiðamaður, sem náð hefur 15 ára aldri, reiða barn yngra en 7 ára, enda sé barninu ætlað sérstakt sæti og þannig um búíð að því stafi eigi hætta af hjólteinunum.

□ Eigi má flytja á reiðhjól þyngri hluti eða fyrirferðarmeiri en svo að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á reiðhjólínu og gefið viðeigandi merki. Eigi má heldur flytja á reiðhjól hluti, sem valdið geta öðrum vegfarendum óþægindum.

Bifhjól.

■ **41. gr.** Bifhjól má eigi aka samhliða öðru ökutæki.

□ Bifhjól má eigi aka á gangstétt eða gangstíg, nema svo sem um ræðir í 2. mgr. 26. gr.

□ Á bifhjól og hliðarvagni þess má eigi flytja fleiri farþega en ökutækið er ætlað til. Farþegi á bifhjól skal sitja klovvega.

■ **42. gr.** Ökumaður létts bifhjóls skal hafa báða fætur á fótstigum eða fótþvílum og að jafnaði báðar hendur á stýri.

□ Ökumaður létts bifhjóls má eigi hanga í öðru ökutæki á ferð eða halda sér í ökumann eða farþega annars ökutækis.

□ Eigi má reiða farþega á léttu bifhjól.

□ Að öðru leyti gilda ákvæði 41. gr. um létt bifhjól.

Torfærutæki.

■ **43. gr.** Eigi má aka torfærutæki á vegi, sem ekki er einkavegur, frekar en hér greinir.

□ Sá sem þarf að aka yfir veg, sem ekki er einkavegur, má aka eftir veginum skemmstu leið sem hentug er. Sama er ef aðstæður utan vegar gera það nauðsynlegt að aka eftir veginum.

□ Ökumaður torfærutækis skal nema staðar áður en ekið er inn á veg. Vegfarandi á veginum skal hafa forgang.

□ Eigi má flytja farþega á torfærutæki, sem er á hjólum, eða á ökutæki sem tengt er við torfærutæki þegar ekið er á vegi, sem ekki er einkavegur, eða á einkavegi þar sem umferð er almenn.

□ Á vegi, sem ekki er einkavegur, eða á einkavegi, þar sem umferð er almenn, má eigi aka torfærutæki hraðar en 40 km á klst.

□ Ákvæði 1., 4. og 5. mgr. gilda eigi um akstur í þágu öryggis- eða heilsugæslu.

VII. Um ökumenn.

Veikindi, áfengisáhrif o.fl.

■ **44. gr.** Ökumaður skal vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því, sem hann fer með.

□ Enginn má stjórna eða reyna að stjórna ökutæki, ef hann vegna veikinda, hrörnunar, ofreynslu, svefnleysis, neyslu áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna eða annarra orsaka er þannig á sig kominn, að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega.

□ Eigi má fela manni í því ástandi, sem um ræðir í 2. mgr., stjórn ökutækis.

□ Enginn má neyta áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna við stjórn vélknúns ökutækis.

□ Tóbaksreykingar eru bannaðar við stjórn bifreiðar til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

□ Dómsmálaráðherra getur sett reglur um hvíldartíma ökumanna.¹⁾

¹⁾ Rg. 136/1995, sbr. 502/1997, 768/2000 og 851/2000.

■ **45. gr.** Enginn má stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki, ef hann er undir áhrifum áfengis.

□ [Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 0,50‰, en er minna en 1,20‰, eða vínandamagn í lofti, sem hann andar frá sér, nemur 0,25 milligrömmum í lítra lofts, en er minna en 0,60 milligrömm, eða ökumaður er undir áhrifum áfengis þótt vínandamagn í blóði hans eða útöndun sé minna telst hann ekki geta stjórnað ökutæki örugglega.]¹⁾

□ [Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 1,20‰ eða meira eða vínandamagn í lofti, sem hann andar frá sér, nemur 0,60 milligrömmum í lítra lofts eða meira telst hann óhæfur til að stjórna ökutæki.]¹⁾

□ Nú hefur ökumaður neytt áfengis við akstur eða fyrir hann þannig að vínandamagn í blóði hækkar eftir að akstri lauk, og skal þá litið svo á sem hið aukna vínandamagn hafi verið í blóði hans við aksturinn.

□ Það leysir ökumann ekki undan sök, þótt hann ætli vínandamagn minna en um ræðir í 2. og 3. mgr.

□ Enginn má hjóla eða reyna að hjóla eða stjórna eða reyna að stjórna hesti, ef hann er undir svo miklum áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna, að hann geti eigi stjórnað hjólínu eða hestinum örugglega.

□ Eigi má fela manni í því ástandi, sem að framan greinir, stjórn ökutækis.

¹⁾ L. 48/1997, 1. gr.

■ **46. gr.** Þegar maður hefur neytt áfengis á veitingastað og veitingamaður eða þjónar hans vita eða hafa ástæðu til að ætla, að hann sé stjórnandi ökutækis og að hann sé vegna áfengisneyslu ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega, ber þeim að reyna að hindra hlutaðeigandi í því að aka ökutækinu, með því meðal annars að gera lögreglunni viðvart.

□ Eigi má selja eða afhenda ökumanni vélknúns ökutækis eldsneyti eða annað, sem þarf til aksturs, ef hann er augljóslega undir áhrifum áfengis. Skylt er bensínafgreiðslumönnunum, ef þeir vita eða hafa ástæðu til að ætla, að ökumaður ætli að aka ökutækinu, að reyna að koma í veg fyrir brotið, með því meðal annars að gera lögreglunni viðvart.

[Öndunarpróf, öndunarsýni, blóðsýni o.fl.]¹⁾

¹⁾ L. 48/1997, 2. gr.

■ **47. gr.** [Lögreglumaður getur framkvæmt öndunarpróf á ökumanni vélknúns ökutækis ef]¹⁾

a. ástæða er til að ætla, að hann hafi brotið gegn ákvæðum 45. gr.,

b. ástæða er til að ætla, að hann hafi brotið gegn öðrum ákvæðum þessara laga [eða reglna sem settar eru samkvæmt þeim],²⁾ enda hafi dómsmálaráðherra ákveðið að öndunarsýni megi taka í þeim tilvikum,

c. hann hefur átt hlut að umferðarslysi eða óhappi, hvort sem hann á sök á eða ekki, eða

d. [hann hefur verið stöðvaður við umferðareftirlit.]²⁾

□ [Lögreglumaður getur fært ökumann til rannsóknar á öndunarsýni eða til blóð- og þvagrannsóknar ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 44. gr. eða 45. gr. eða hann neitar að láta framkvæma öndunarpróf eða er ófær um það. Ef grunur er um önnur brot en akstur undir áhrifum áfengis getur lögreglumaður auk þess fært ökumann til læknisskoðunar. Sama á við þegar grunur er um akstur undir áhrifum áfengis og sérstakar ástæður mæla með því.]¹⁾

□ [Lögregla annast töku öndunarsýnis. Læknir, hjúkrunarfræðingur eða meinatæknir annast töku blóðsýnis. Ökumanni er skylt að hlíta þeirri meðferð sem talin er nauðsynleg við rannsókn skv. 2. mgr.]¹⁾

□ Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um töku sýna og rannsókn skv. 1. og 2. mgr. [Vegna töku og rannsóknar öndunarsýnis skal sá sem sakfelldur er greiða 6.500 kr., sem teljast til sakarkostnaðar.]³⁾

¹⁾ L. 48/1997, 2. gr. ²⁾ L. 44/1993, 11. gr. ³⁾ L. 23/1998, 1. gr.

[Notkun farsíma og annars fjarskiptabúnaðar.]

¹⁾ L. 91/2001, 1. gr.

■ [47. gr. a. Ökumanni vélknúns ökutækis er við akstur óheimilt að nota farsíma án handfrjáls búnaðar.

□ Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um notkun annars fjarskiptabúnaðar og svipaðs búnaðar við akstur.]¹⁾

¹⁾ L. 91/2001, 1. gr. Greinin öðlast gildi 1. nóvember 2001. Eigi skal refsa fyrir brot gegn henni fyrr en ár er liðið frá gildistöku, sbr. 2. gr. s.l.

Ökupróf og ökuskrírteini.

■ 48. gr. Enginn má stjórna bifreið eða bifhjóli, nema hann hafi til þess gilt ökuskrírteini, sem lögreglustjóri gefur út. Ökumaður skal hafa skírteinið meðferðis við akstur og sýna það, er löggæslumaður krefst þess.

□ Veita má ökuskrírteini þeim, sem:

a. er fullra 17 ára,

b. sér og heyrir nægilega vel og er að öðru leyti nægilega hæfur andlega og líkamlega, og

c. hefur hlotið kennslu löggilts ökukennara og sannað með prófi að hann hafi næga aksturshæfni og nauðsynlega þekkingu á ökutækinu og meðferð þess og umferðarlöggjöf.

□ Neita má þeim um ökuskrírteini, sem háður er notkun ávana- og fíkniefna eða annarra sljövngandi efna eða er ekki nægilega reglusamur. Bera má ákvörðun um þetta undir dómstóla samkvæmt reglum 68. gr. a. almennra hegningarlaga.

■ 49. gr. Dómsmálaráðherra getur leyft að gefin séu út til fatlaðra manna, sem eru fullra 15 ára, ökuskrírteini til að mega stjórna hægfaru vélknúnum ökutækjum fyrir fatlaða.

■ 50. gr. [Dómsmálaráðherra getur sett reglur¹⁾ um frekari skilyrði, þar á meðal um aldur, kennslu og próf, til að mega stjórna:

a. [bifreið, þó ekki hópbifreið],²⁾ sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd,

b. hópbifreið,

c. bifreið sem dregur eftirvagn eða tengitæki sem gert er fyrir [meira en 750 kg]²⁾ heildarþyngd, þó ekki ef ökutækid, sem dregið er, er gert fyrir þá heildarþyngd og samanlögð leyfð heildarþyngd beggja ökutækjanna [fer ekki yfir 3.500 kg]²⁾ og

d. tilteknum bifhjólum.

□ Með sama hætti getur dómsmálaráðherra sett reglur³⁾ um frekari skilyrði til að mega stjórna:

a. bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni,

b. bifreið sem flytur hættulegan farm og

c. bifreið til fólks- eða vöruflutninga í alþjóðlegri umferð.

□ Í reglum þessum má ákveða að við tilteknan aðstæður þurfi eigi aukin réttindi til að stjórna ökutæki sem fellur undir a–c-liði 1. mgr.

□ Heimilt er að synja manni um réttindi til að mega stjórna bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.]⁴⁾

¹⁾ Rg. 501/1997. ²⁾ L. 138/1996, 4. gr. ³⁾ Rg. 984/2000. ⁴⁾ L. 44/1993, 12. gr.

■ 51. gr. Ökuskrírteini eru tvenns konar: Bráðabirgðaskírteini og fullnaðarskrírteini.

□ Bráðabirgðaskírteini er gefið út til byrjanda og gildir í tvö ár.

□ Fullnaðarskrírteini gildir þar til hlutaðeigandi er fullra 70 ára. Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að ökuskrírteini til að mega stjórna ökutækjum skv. 50. gr. skuli gilda skemur.

□ Dómsmálaráðherra setur reglur um gildistíma ökuskrírteina, sem gefin eru út til þeirra, sem eru fullra 70 ára. Dómsmálaráðherra getur enn fremur ákveðið, að ökuskrírteini skuli, ef aðstæður mæla með því, gilda skemur en ákveðið er í 3. mgr.

□ Endurnýja má ökuskrírteini að loknum gildistíma, enda fullnægi hlutaðeigandi enn skilyrðum til að fá ökuskrírteini útgefið. Lögreglustjóri ákveður, hvort taka skuli próf að nýju. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að próf skuli tekið að nýju.

■ 52. gr. Dómsmálaráðherra setur reglur¹⁾ um:

a. [ökunám og ökukennslu],²⁾

b. skilyrði fyrir útgáfu ökuskrírteinis og endurnýjun, þar á meðal um ökupróf,

c. efni og form ökuskrírteinis, og

d. gjald fyrir próf og ökuskrírteini.

□ Lögreglustjórar halda skrár um ökuskrírteini og ökuferil samkvæmt reglum,³⁾ sem dómsmálaráðherra setur.

¹⁾ Rg. 501/1997, sbr. 376/2000. ²⁾ L. 138/1996, 5. gr. ³⁾ Rg. 431/1998.

Afturköllun ökuréttinda.

■ 53. gr. Lögreglustjóri getur afturkallað ökuréttindi, ef hlutaðeigandi fullnægir ekki lengur skilyrðum til að öðlast ökuskrírteini. Nú neitar hlutaðeigandi að taka þátt í rannsókn eða prófi, sem nauðsynlegt er til ákvörðunar þessarar, og getur lögreglustjóri þá afturkallað ökuréttindin þegar í stað. Varði skilyrðið það, hvort hlutaðeigandi er háður notkun ávana- og fíkniefna eða annarra sljövngandi efna, eða er ekki nægilega reglusamur, má bera ákvörðunina undir dómstóla eftir reglum 68. gr. a. almennra hegningarlaga.

□ Sá, sem sviptur hefur verið ökuréttindum um lengri tíma en eitt ár, öðlast eigi ökuréttindi að nýju að loknum sviptingartíma, nema hann standist próf í umferðarlöggjöf, akstri og meðferð ökutækis. Ökupróf má ekki fara fram fyrr en einum mánuði áður en sviptingartímabil rennur út.

□ Sá, sem misst hefur ökuréttindi vegna sviptingar eða afturköllunar, skal afhenda lögreglunni ökuskrírteini sitt.

Erlend ökuskrírteini.

■ 54. gr. Dómsmálaráðherra setur reglur¹⁾ um með hvaða skilyrðum þeir, sem dveljast hér á landi og hafa eigi íslenskt ökuskrírteini, mega stjórna vélknúnum ökutækjum hér. Hann getur og sett reglur um með hvaða skilyrðum þeir, sem hafa erlend ökuskrírteini, geta fengið íslenskt ökuskrírteini.

□ [Dómsmálaráðherra getur ákveðið að ökuskrírteini útgefin í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, eða í öðru ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu, gildi hér á landi, samkvæmt nánari reglum,¹⁾ einnig eftir að skírteinishafi hefur sest hér að.]²⁾

¹⁾ Rg. 501/1997. ²⁾ L. 138/1996, 6. gr.

Stjórnendur dráttarvéla, vinnuvéla, léttra bifhjóla og torfærutækja.

■ 55. gr. Enginn má stjórna dráttarvél, nema hann hafi gilt ökuskrírteini til þess eða til að mega stjórna bifreið. Ökuskrírteini til að mega stjórna dráttarvél má ekki veita þeim, sem er yngri en 16 ára. Eigi þarf ökuskrírteini til að stjórna dráttarvél við landbúnaðarstörf utan alfaravegar, enda sé ökumaður fullra 13 ára.

□ Enginn má stjórna vinnuvél, nema hann hafi gilt ökuskrírteini til að mega stjórna bifreið. Eigi þarf ökuskrírteini til að stjórna vinnuvél utan vegar, enda sé ökumaður fullra 17 ára.

□ Enginn má stjórna létu bifhjóli, nema hann hafi gilt ökuskrírteini til þess [eða til að mega stjórna bifreið eða bifhjóli].¹⁾ Ökuskrírteini til að mega stjórna létu bifhjóli má eigi veita þeim, sem er yngri en 15 ára, enda hafi hann áður fengið tilskilda ökukennslu.

□ [Enginn má stjórna torfærutæki nema hann hafi gilt ökuskrírteini til að mega stjórna bifreið eða bifhjóli].¹⁾

□ Ákvæði 48. gr., 3.–5. mgr. 51. gr., 52. og 53. gr. gilda að öðru leyti, eftir því sem við á, um ökuskrírteini samkvæmt grein þessari. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um æfingaakstur sem skilyrði fyrir útgáfu þeirra.

¹⁾ L. 138/1996, 7. gr.

[Ökukennarar og ökuskólar.]¹⁾

¹⁾ L. 138/1996, 8. gr.

■ **56. gr.** Rétt til að hafa á hendi kennslu í akstri og meðferð bifreiða og bifhjóla hefur sá, sem hlotið hefur til þess löggildingu dómsmálaráðherra.

□ Veita má slíka löggildingu þeim, sem:

a. er 21 árs eða eldri,

b. hefur ekið bifreið, eftir atvikum bifhjóli, að staðaldrí síðustu þrjú árin, og

c. hefur staðist sérstakt próf fyrir ökukennara að afloknu ökukennaranámi.

□ Heimilt er að synja manni um löggildingu til ökukennslu, ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

□ Löggilding gildir í fimm ár, þó eigi lengur en hlutaðeigandi hefur ökuréttindi. Endurnýja má löggildingu, enda fullnægi ökukennari enn þá framangreindum skilyrðum og hafi að jafnaði stundað ökukennslu á liðnu löggildingartímabili. Í reglugerð má kveða á um endurnenntun ökukennara sem skilyrði fyrir endurnýjun löggildingar.

□ Dómsmálaráðherra setur nánari reglur¹⁾ um tilhögun ökukennaranáms og prófs, um löggildingu, endurnýjun hennar, starfsemi ökukennara og gjald fyrir ökukennaranám og próf og löggildingu.

□ Dómsmálaráðherra getur hvenær sem er svipt mann ökukennararéttindum, ef ástæða þykir til.

□ [Dómsmálaráðherra getur sett reglur um stofnun og starfsemi ökuskóla.]²⁾

¹⁾ Rg. 327/1999. ²⁾ L. 138/1996, 8. gr.

Æfingaakstur.

■ **57. gr.** Æfingaakstur á bifreið má því aðeins fara fram, að við hlið nemandar sitji löggiltur ökukennari, sem þá telst stjórnandi bifreiðarinnar. Nemandi telst þó stjórnandi við prófakstur. Nú óskar maður, sem hefur ökuskrírteini, að æfa sig í akstri á ný í viðurkenndri kennslubifreið hjá löggiltum ökukennara, og telst þá ökukennari stjórnandi bifreiðarinnar. Ákvæði 44.–47. gr. eiga þó ávallt einnig við um nemandann.

□ Æfingaakstur á bifhjóli má aðeins fara fram undir leiðsögn og eftirliti löggilts ökukennara.

□ Ökukennari ber ábyrgð á að æfingaakstur fari fram á þeim stöðum og þannig að eigi stafi hættu af. Hann skal og gæta þess, að eigi stafi óþörf eða veruleg truflun af æfingaakstrinum.

□ Æfingaakstur má eigi fara fram fyrr en [tölf]¹⁾ mánuðum áður en nemandi hefur aldur til að fá ökuskrírteini útgefið. Sá, sem sviptur hefur verið [ökurétti],²⁾ má eigi æfa sig í akstri fyrr en einum mánuði áður en sviptingartímabil rennur út.

□ Dómsmálaráðherra getur sett reglur um æfingaakstur á sérstökum lokuðum æfingasvæðum. [Má þar ákveða að sá

æfingaakstur fari fram án þess að löggiltur ökukennari sitji við hlið nemandar.]²⁾

□ [Dómsmálaráðherra getur sett reglur³⁾ um æfingaakstur án löggilts ökukennara, þar á meðal um lágmarksþjálfun nemandar, enda hafi leiðbeinandi náð 24 ára aldri, hafi gild réttindi til að stjórna þeim flokki ökutækja og hafi a.m.k. fimm ára reynslu af að aka þannig ökutæki. Ákvæði 1.–5. mgr. eiga við um akstur þennan eftir því sem við á.]²⁾

¹⁾ L. 138/1996, 9. gr. ²⁾ L. 44/1993, 13. gr. ³⁾ Rg. 219/1994. Rg. 681/1996. Rg. 501/1997.

Upplýsingaskýlda o.fl.

■ **58. gr.** Eiganda (umráðamanni) ökutækis er skylt, þegar lögreglan krefst þess, að gera grein fyrir, hver hafi stjórnað ökutækinu á tilteknum tíma.

□ Eigi má fela stjórn ökutækis þeim, sem hefur ekki réttindi til að stjórna þess konar ökutæki.

VIII. Um ökutæki.

Gerð og búnaður.

■ **59. gr.** [Ökutæki skal svo gert og því haldið í þannig ástandi að nota megir án þess að af því leiði hættu eða óþægindi fyrir aðra eða skemmd á vegi.]¹⁾

□ Eigandi eða umráðamaður ber ábyrgð á, að ökutæki sé í lögmæltu ástandi.

□ Ökumaður skal gæta þess, að ökutæki sé í góðu [ástandi].¹⁾ Sérstaklega skal þess gætt, að stýrisbúnaður, hemlar, merkjataeki og ljósabúnaður séu í lögmæltu ástandi og virki örugglega. Sama á við um eftirvagn og tengitæki, svo og tengingu þeirra og tengibúnað.

¹⁾ L. 44/1993, 14. gr.

■ **60. gr.** Dómsmálaráðherra setur reglur¹⁾ um gerð ökutækja og búnað þeirra og öryggis- og verndarbúnað fyrir ökumann og farþega, svo og hvaða áletranir og merki skuli setja á ökutæki vegna skráningar eða eftirlits.

□ Dómsmálaráðherra getur sett reglur, sem banna viðskipti með tiltekna hluti eða búnað í ökutæki eða til verndar ökumanni eða farþegum, ef þeir uppfylla ekki skilyrði reglna, sem settar eru samkvæmt 1. mgr., eða notkun þeirra mundi leiða til hættu eða verulegra óþæginda fyrir ökumann eða aðra vegfarendur.

¹⁾ Rg. 393/1992 (um hleðslu, frágang og merkingu á farmi). Rg. 107/1988 (um stærð og þyngd ökutækja), sbr. 447/1990 og 203/1991. Rg. 279/1989 (um merki á skólábifreiðum), sbr. 550/1991. Rg. 57/1994 (um gerð og búnað reiðhjóla). Rg. 136/1995 (um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl.), sbr. 502/1997, 658/1998, 768/2000 og 851/2000. Rg. 572/1995 (um prófun á ökuritum). Rg. 78/1997 (um skráningu ökutækja), sbr. 643/1997, 291/1998, 439/1998, 533/1998, 135/1999, 329/1999, 914/2000 og 406/2001. Rg. 501/1997 (um ökuskrírteini), sbr. 799/1998 og 376/2000. Rg. 71/1998 (um frágang á hraðatakmarkara í bifreið), sbr. 113/2000. Rg. 378/1998 (um skoðun ökutækja), sbr. 779/1998, 917/1999, 695/2000 og 240/2001. Rg. 915/2000 (um gerð og búnað ökutækja), sbr. 354/2001. Rg. 984/2000 (um fluming á hættulegum farmi).

■ **61. gr.** Nú rís ágreiningur um það, til hvaða flokks skv. 2. gr. ökutæki skuli teljast, og sker þá dómsmálaráðherra úr.

□ Dómsmálaráðherra getur, ef sérstakar ástæður mæla með því, ákveðið, að ökutæki af tiltekinni gerð skuli falla undir annan flokk ökutækja en leiðir af skilgreiningu 2. gr.

Tenging og dráttur ökutækja.

■ **62. gr.** Við bifreið, torfærutæki og reiðhjól má tengja einn eftirvagn eða tengitæki.

□ Við dráttarvél og vinnuvél má tengja tvo eftirvagna eða einn eftirvagn og eitt tengitæki.

□ Við bifhjól og létt bifhjól má eigi tengja eftirvagn eða tengitæki.

□ Við bifhjól og reiðhjól má tengja hliðarvagn, sem skal þá vera hægra megin við ökutækið. Eigi má tengja hliðarvagn við létt bifhjól.

□ Dómsmálaráðherra setur reglur¹⁾ um tengingu eftirvagna, tengitækja og hliðarvagna. Dómsmálaráðherra getur enn fremur sett reglur um hvað flytja megi með ökutækjum þessum, svo og veitt undanþágu frá ákvæðum 2. mgr. við akstur á tilteknum svæðum.

□ Dómsmálaráðherra setur reglur¹⁾ um drátt ökutækja.

¹⁾ Rg. 394/1992.

Skráning.

■ **63. gr.** Áður en bifreið, bifhjól, torfærutæki eða dráttarvél er tekin í notkun skal ökutækið skráð og skráningarmarki sett á það. Sama á við um eftirvagn [bifreiðar eða dráttarvélar sem gerður er fyrir [meira en 750 kg]¹⁾ heildarþyngd],²⁾ svo og hjólhýsi og tjaldivagn. [Eigi þarf þó að skrá eftirvagn bifreiðar á beltum eða dráttarvélar sem nær eingöngu er notaður utan opinberra vega.]²⁾ Dómsmálaráðherra getur fyrirskipað skráningu annarra tengitækja og vinnuvéla.

□ [Dómsmálaráðherra getur og ákveðið að eigi þurfi að skrá önnur skráningarskyld ökutæki sem nær eingöngu eru notuð utan opinberra vega.]²⁾ Skal þá kveða á um það svæði þar sem nota má ökutækið. Einnig má kveða nánar á um gerð, búnað og notkun ökutækisins.

¹⁾ L. 138/1996, 10. gr. ²⁾ L. 44/1993, 15. gr.

■ **64. gr.** Dómsmálaráðherra setur reglur¹⁾ um:

- skráningu ökutækja og eigenda þeirra,²⁾
- tilkynningu eigendaskipta,
- skráningarmarki,
- skráningarskrárteini, sem ávallt skal fylgja ökutækinu,
- tímabundinn akstur skráningarskyldra ökutækja án skráningar, . . .³⁾

[f. gjald fyrir viðurkenningu á gerð ökutækja og búnaði þeirra, og]³⁾

[g.]³⁾ gjald fyrir skráningu og skráningarmarki.

□ . . .⁴⁾

¹⁾ Rg. 269/1993. Rg. 78/1997, sbr. 643/1997, 291/1998, 439/1998, 533/1998, 135/1999, 329/1999, 914/2000 og 406/2001. Rg. 79/1997, sbr. 542/1998. Gjaldskrá 84/1997. ²⁾ Augl. 77/1997. ³⁾ L. 48/1997, 3. gr. ⁴⁾ L. 62/1988, 2. gr.

■ **[64. gr. a.]** Dómsmálaráðherra getur sett reglur¹⁾ um heimild eiganda ökutækis til að velja tiltekna bókstafi og tölustafi á skráningarmarki ökutækisins (einkamerki).

□ Fyrir rétt til einkamerkis skal greiða 25.000 kr., auk gjalds fyrir skráningu og skráningarmarki. Fyrir skráningu á flutningi einkamerkis af einu ökutæki á annað í samræmi við reglur sem settar eru skv. 1. mgr. skal greiða sama gjald og fyrir skráningu eigendaskipta að ökutæki. Gjaldið renni til Umferðarráðs.]²⁾

¹⁾ Rg. 78/1997, sbr. 643/1997, 291/1998, 439/1998, 533/1998, 135/1999, 329/1999, 914/2000 og 406/2001. ²⁾ L. 37/1996, 1. gr.

■ **65. gr.** [Fela má hlutafélagi sem ríkissjóður á hlut í, Skráningarstofunni hf., að annast skráningu ökutækja, svo og aðra umsýslu varðandi skráningu ökutækja, gerð þeirra og búnað.

□ Dómsmálaráðherra fer með mál er varða eignaraðild ríkisins að Bifreiðaskoðun hf. og Skráningarstofunni hf.]¹⁾

¹⁾ L. 48/1997, 4. gr.

Erlend ökutæki.

■ **66. gr.** Dómsmálaráðherra setur reglur¹⁾ um notkun erlendra ökutækja hér á landi, þar á meðal hvenær beri að skrá þau hér.

¹⁾ Rg. 246/1975 (um sérstaka skráningu bifreiða til notkunar um stundarsakir hér á landi), sbr. 453/1976. Rg. 267/1993 (um notkun erlendra ökutækja), sbr. 555/1993, 96/1996, 313/1999 og 700/1999.

Sköðun ökutækja og eftirlit.

■ **67. gr.** [Dómsmálaráðherra setur reglur¹⁾ um skoðun

skráningarskyldra ökutækja, þar á meðal um það hverjir annist skoðun þeirra, hve oft, hvar og hvenær almenn skoðun skuli fara fram og að öðru leyti um framkvæmd hennar.

□ . . .²⁾]³⁾

¹⁾ Rg. 340/1989 (um almenna skoðun ökutækja). Rg. 136/1995 (um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl.), sbr. 502/1997, 658/1998, 768/2000 og 851/2000. Augl. 77/1997 (um skráningu ökutækja). Rg. 78/1997 (um skráningu ökutækja), sbr. 643/1997, 291/1998, 439/1998, 533/1998, 135/1999, 329/1999, 914/2000 og 406/2001. Rg. 71/1998 (um frágang á hraðatakmarkara í bifreið), sbr. 113/2000. Rg. 378/1998 (um skoðun ökutækja), sbr. 779/1998, 917/1999, 695/2000 og 240/2001. ²⁾ L. 48/1997, 5. gr. ³⁾ L. 44/1993, 18. gr. Rg. 572/1995.

■ **68. gr.** Löggæslumönnum er heimilt hvenær sem er að stöðva ökutæki og skoða ástand þess og hleðslu. Reynist ökutæki ekki vera í lögmæltu ástandi má krefjast þess að það skuli fært til sérstakrar skoðunar.

□ Verði starfsmaður verkstæðis þess var, að öryggisbúnaði vélknúins ökutækis, sem þar er til viðgerðar eða breytinga, sé áfátt, skal hann skýra yfirmanni verkstæðisins frá því, en honum ber að gera eiganda ökutækisins viðvart og síðan tilkynna það hlutaðeigandi lögreglu, . . .¹⁾ ef eigi verður úr bætt.

¹⁾ L. 44/1993, 19. gr.

Bann við notkun ökutækis.

■ **69. gr.** Nú kemur í ljós, að skráningarskyld ökutæki er til hættu fyrir umferðaröryggi eða er eigi fært til skoðunar þegar kraftir er, og getur þá löggæslumaður tekið af því skráningarmarki.

Leiga ökutækja.

■ **70. gr.** . . .¹⁾

¹⁾ L. 64/2000, 10. gr.

IX. Um notkun öryggis- og verndarbúnaðar.

Öryggisbelti.

■ **71. gr.** [Hver sá, sem notar sæti bifreiðar sem búið er öryggisbelti, skal nota beltíð þegar bifreiðin er á ferð.

□ Barn yngra en 6 ára skal í stað öryggisbeltis eða ásamt með öryggisbelti nota barnabílstól, beltispúða eða annan sérstakan öryggis- og verndarbúnað ætlaðan börnum. Ef slíkur búnaður er ekki í bifreið skal barnið nota öryggisbelti ef það er unnt.

□ Eigi er skylt að nota öryggis- og verndarbúnað þegar ekið er aftur á bak eða við akstur á bifreiðastæði, við bensínstöð, viðgerðarverkstæði eða svipaðar aðstæður.

□ Dómsmálaráðherra getur sett reglur¹⁾ er undanþiggja tiltekna einstaklinga skyldu til að nota öryggis- og verndarbúnað. Dómsmálaráðherra getur enn fremur sett reglur um undanþágu frá skyldu til að nota slíkan búnað við sérstakan akstur.

□ Ökumaður skal sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað í samræmi við 1.–4. mgr.]²⁾

¹⁾ Rg. 105/1988 og 204/1993. ²⁾ L. 44/1993, 20. gr.

Hlífðarhjálmar.

■ **72. gr.** [Hver sá, sem er á bifhjól eða torfærutæki sem er á ferð, skal nota hlífðarhjálmar. Sama er um þann sem er á hliðarvagni bifhjóls eða eftirvagni torfærutækis.

□ Ökumaður skal sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti hlífðarhjálmar.

□ Eigi er skylt að nota hlífðarhjálmar við akstur á bifreiðastæði, við bensínstöð, viðgerðarverkstæði eða svipaðar aðstæður.

□ Dómsmálaráðherra getur sett reglur¹⁾ um undanþágu frá notkun hlífðarhjálms.]²⁾

¹⁾ Rg. 598/1981 og 205/1993. ²⁾ L. 44/1993, 21. gr.

■ [72. gr. a. Dómsmálaráðherra getur sett reglur²⁾ um notkun hlífðarhjálms við hjólréiðar.]¹⁾

¹⁾ L. 44/1993, 22. gr. ²⁾ Rg. 139/1995, rg. 525/1997, rg. 631/1999.

X. Flutningur, hleðsla, þyngd og stærð ökutækja.

Hleðsla ökutækja.

■ 73. gr. Gæta skal þess, að farþegar eða farmur byrgi eigi útsýn ökumanns eða tálmi notkun stjórtækja ökutækis. Farmi skal þannig komið fyrir, að eigi byrgi lögboðinn ljósa- eða merkjabúnað ökutækis eða skráningarmerki þess.

□ Farþega má eigi flytja svo marga eða á þann hátt, að valdi þeim eða öðrum hættu.

□ Farm skal flytja þannig, að eigi hafi í för með sér hættu fyrir menn eða valdi munatjóni. Þess skal enn fremur gætt, að eigi sé hætta á að farmur dragist eftir akbraut eða falli á hana, valdi rykmecki eða svipuðum óþægindum, umferðartruflun eða óþarfa hávaða.

□ Dómsmálaráðherra getur sett reglur¹⁾ um hleðslu og frágang farms, svo og hvernig auðkenna skuli sérstaklega fyrirferðarmikinn farm.

□ Dómsmálaráðherra getur sett reglur²⁾ um flutning hættulegra efna eða tækja, þar á meðal um skyldu til að kaupa váttryggingu, er bæti tjón vegna flutnings þeirra.

¹⁾ Rg. 393/1992. ²⁾ Rg. 984/2000.

Flutningur á farþegum.

■ 74. gr. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um öryggisráðstafanir við flutning á farþegum.

Breidd, lengd og hæð ökutækja.

■ 75. gr. Dómsmálaráðherra setur reglur¹⁾ um hámark breiddar, lengdar og hæðar ökutækja, með og án farms, þar á meðal um akstur sérstaklega breiðra, langra eða hárra ökutækja. Reglur þessar skulu einnig taka til samtengdra ökutækja.

□ Þrátt fyrir ákvæði í reglum, sem settar eru skv. 1. mgr., um hæð ökutækja, hvílir sú skylda á ökumanni við akstur undir brú, í göngum, undir rafmagns- eða símalínu eða við svipaðar aðstæður að ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda.

□ Dómsmálaráðherra getur sett reglur um greiðslu fyrir lögregluástoð við flutning, sem eftir reglum, sem settar eru skv. 1. mgr., má aðeins fara fram að fengnu leyfi lögreglustjóra. Lögreglustjóri metur hverju sinni þörf á aðstoð.

¹⁾ Rg. 107/1988, sbr. 447/1990 og 203/1991. Rg. 528/1998.

[Áspungu]¹⁾ og þyngd.

¹⁾ L. 44/1993, 23. gr.

■ 76. gr. Dómsmálaráðherra setur reglur¹⁾ um hámark [ásþunga]²⁾ og heildarþyngdar ökutækja, með og án farms.

□ Þrátt fyrir ákvæði í reglum, sem settar eru skv. 1. mgr., getur veghaldari leyft meiri [ásþunga]²⁾ og heildarþyngd ökutækja á einstökum vegarköflum, svo og ákveðið minni [ásþunga]²⁾ eða heildarþyngd á öðrum, hvort tveggja miðað við burðarþol brúar eða vegar.

□ Veghaldari getur veitt undanþágu frá reglum, sem settar eru samkvæmt grein þessari, þegar brýn nauðsyn þykir vegna sérstakra flutninga. Leyfi veghaldara skal fylgja ökutækinu við flutninginn. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um greiðslu fyrir lögregluástoð, sem þörf er á að mati lögreglustjóra við flutning, sem veghaldari heimilar.

¹⁾ Rg. 107/1988, sbr. 447/1990 og 203/1991. ²⁾ L. 44/1993, 23. gr. Rg. 528/1998.

XI. Hindrun á vegi.

Óhreinun vegar o.fl.

■ 77. gr. Eigi má fleygja eða skilja eftir á vegi neitt það sem getur haft í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferðina.

□ Ef eitthvað, sem getur haft í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferðina, fellur eða rennur af ökutæki á veg, skal það þegar fjarlæggt. Ef það er eigi unnt skal vara aðra vegfar- endur við með merkjum eða á annan hátt, þar til það, sem hættu eða óþægindum veldur, hefur verið fjarlæggt.

□ Leyfi lögreglu þarf til að geyma á vegi muni, tæki eða vegagerðarefni, sem getur haft í för með sér óþægindi fyrir umferðina, nema sérstakar ástæður geri geymslu til bráða- birgða nauðsynlega. Ef eigi er unnt að setja slíka muni, tæki eða efni út fyrir akbraut, skal þeim komið fyrir eins utar- lega á henni og unnt er og staðurinn auðkenndur viðvör- armerkjum. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um hvernig auðkenna skuli slíka staði.

Rekstur búfjár.

■ 78. gr. Eigi má án leyfis lögreglustjóra reka búfé á vegi í þéttbýli.

□ Utan þéttbýlis má reka búfé á vegi, en fylgja skulu rekstr- inum nægilega margir gæslumenn. Ef vænta má umferðar ökutækja um veginn skal einn gæslumaður ætíð fara fyrir.

□ Búfénu skal vikið fljótt og greiðlega úr vegi, ef þess gerist þörf vegna annarrar umferðar.

[XI. a. Séraðstæður hreyfihamlaðra.]¹⁾

¹⁾ L. 48/1997, 6. gr.

■ [78. gr. a. Dómsmálaráðherra getur sett reglur¹⁾ um undanþágu fyrir hreyfihamlaða frá reglum um stöðvun og lagningu ökutækja, þar á meðal reglum um notkun stöðureita og gjald fyrir hana.]²⁾

¹⁾ Rg. 369/2000. ²⁾ L. 48/1997, 6. gr.

XII. Umferðarstjórn, umferðarmerki o.fl.

Umferðarstjórn o.fl.

■ 79. gr. Lögreglan getur stjórnað umferð þar sem hún telur þess þörf.

□ Dómsmálaráðherra getur sett reglur um heimild annarra til að stjórna umferð.

□ Dómsmálaráðherra getur sett reglur¹⁾ um merkjagjöf við umferðarstjórn.

¹⁾ Rg. 289/1995, sbr. 348/1998, 427/2000 og 458/2001.

■ 80. gr. Við vegavinnu og þar sem skemmd hefur orðið á vegi, þannig að hætta stafi af fyrir umferð, getur veghaldari eða sá, sem hefur með höndum vegavinnu, stjórnað umferð, eftir því sem nauðsynlegt er, þar á meðal beint henni fram hjá vinnusvæði.

□ Dómsmálaráðherra getur sett reglur um umferðarstjórn skv. 1. mgr.

■ 81. gr. Dómsmálaráðherra ákveður að fengnum tillögum vegamálastjóra hvaða þjóðvegir utan [þéttbýlis]¹⁾ skuli teljast aðalbrautir þar sem umferð hefur forgang, sbr. 2. mgr. 25. gr.

□ Lögreglustjóri getur, að fengnum tillögum sveitarstjórn- ar, svo og vegamálastjóra, ef um þjóðveg ...¹⁾ er að ræða, kveðið á um önnur varanleg sérákvæði um notkun vegar til umferðar, svo sem:

- a. stöðvun og lagningu ökutækja,
- b. hvar umferð skuli hafa forgang, sbr. 2. mgr. 25. gr.,
- c. einstefnuakstur,
- d. gangbrautir,
- e. bann við tiltekinni umferð og
- f. aðrar takmarkanir á umferð um veg.

□ Dómsmálaráðherra ákveður hraðamörk skv. 3. og 4. mgr. 37. gr., að fengnum tillögum vegamálastjóra, ef um þjóðveg utan [þéttbýlis]¹⁾ er að ræða. Á öðrum vegum ákveður lög- reglustjóri hraðamörkin, að fengnum tillögum sveitarstjórn- ar.

□ Ákvarðanir samkvæmt grein þessari skal gefa til kynna með umferðarmerkjum, nema lögreglan stjórn umferðinni. Ákvörðun varðandi stöðvun eða lagningu ökutækja, sem ekki er bundin við ákveðinn vegarkafna, má þó í stað þess birta með opinberri auglýsingu.

¹⁾ L. 138/1996, 11. gr.

■ **82. gr.** Veghaldari getur takmarkað eða bannað umferð um stundarsakir, ef það er nauðsynlegt til hlífðar vegi; í kaupstað eða kauptúni að fengnu samþykki lögreglustjóra.

Stöðukort og stöðureitir.

■ **83. gr.** Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að þar sem heimild til lagningar ökutækja er tímabundin, megi því aðeins leggja ökutæki að notuð skuli sérstök stöðukort. Ráðherra setur reglur um stöðukort og notkun þeirra.

□ Í kaupstað eða kauptúni er sveitarstjórn heimilt, að fengnu samþykki lögreglustjóra, að setja reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana.

Umferðarmerki o.fl.

■ **84. gr.** Dómsmálaráðherra setur reglur¹⁾ um gerð og notkun umferðarmerkja, umferðarljósa og hljóðmerkja og annarra merkja á eða við veg til stjórnunar á eða leiðbeiningar fyrir umferð, svo og hvað þau tákna.

□ Víkja má frá almennum umferðareglum með merkjum skv. 1. mgr.

¹⁾ Rg. 289/1995, sbr. 348/1998, 427/2000 og 458/2001.

■ **85. gr.** Lögreglustjóri skal sjá um, að merki skv. 1. mgr. 84. gr. verði sett á eða við veg, þar sem sérreglur gilda um umferð eða þörf er á til stjórnunar eða leiðbeiningar. Vegamálastjóri skal þó sjá um, að slík merki verði sett á eða við þjóðveg utan [þéttbýlis].¹⁾

□ Eigi má án leyfis lögreglustjóra (vegamálastjóra) setja merki skv. 1. mgr. 84. gr. á eða við veg.

□ Kostnað vegna merkja skv. 1. mgr. 84. gr. skal veghaldari greiða.

¹⁾ L. 138/1996, 12. gr.

■ **86. gr.** Þar sem vegavinna fer fram eða vegi er raskað af öðrum ástæðum, þannig að hætta stafi af, er þeim, sem stjórnar verki, skylt að sjá um, að staðurinn verði merktur á fullnægjandi hátt.

■ **87. gr.** Spjöld, auglýsingar, ljósabúnað og þess háttar má eigi setja á eða í tengslum við merki skv. 1. mgr. 84. gr.

□ Hluti, sem um ræðir í 1. mgr. og sjást frá vegi, getur lögreglustjóri látið fjarlægja, ef þeir líkjast merkjum skv. 1. mgr. 84. gr. eða geta að öðru leyti verið villandi eða valdið óþægindum fyrir umferð.

XIII. Um fébætur og váttryggingu.

Grundvöllur ábyrgðar o.fl.

■ **88. gr.** Sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki skal bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Ábyrgðarmaður dráttartækis er skaðabótaskyldur ef tjón hlýst af þegar skráningarskyld vélknúð ökutæki dregur annað ökutæki.

□ Bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfaranda má lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

□ Bætur fyrir tjón á munum má lækka eða fella niður ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi.

■ **89. gr.** Ef tjón hlýst af árekstri skráningarskyldra vélknúinna ökutækja skiptist tjónið á þau að tiltölu við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum.

■ **90. gr.** Skráður eða skráningarskyldur eigandi [(umráðamaður)]¹⁾ vélknúns ökutækis ber ábyrgð á því og er fébótaskyldur skv. 88. og 89. gr.

□ Fébótaskyldan færast þó yfir á þann sem ökutækið notar í algeru heimildarleysi.

□ Auk ábyrgðar skv. 1. og 2. mgr. fer um bótaábyrgð eftir almennum skaðabótareglum.

¹⁾ L. 44/1993, 24. gr.

Váttryggingarskylda.

■ **91. gr.** [Greiðsla á bótakröfu vegna tjóns, sem hlýst af notkun skráningarskylds vélknúns ökutækis, skal vera tryggð með ábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi sem er viðurkennt eða skráð af dómsmálaráðherra.]¹⁾

□ Váttryggingin skal tryggja bætur vegna líkamstjóns eða vegna missis framfaranda allt að [1.000 millj. kr.]²⁾ og vegna tjóns á munum allt að [175 millj. kr.]²⁾ sem hlýst af hverjum einstökum tjónsatburði.

□ Dómsmálaráðherra skal árlega, að fengnum tillögum [Fjármálaeftirlitsins],³⁾ breyta váttryggingarfjárhæðum þessum í samræmi við verðlagsbreytingar.

□ Dómsmálaráðherra getur sett reglur⁴⁾ um að hve miklu leyti váttryggingin skuli bæta tjón, sem hlýst erlendis.

¹⁾ L. 116/1993, 29. gr. ²⁾ L. 32/1998, 1. gr. ³⁾ L. 84/1998, 16. gr. ⁴⁾ Rg. 556/1993, sbr. 531/1998, 532/1998 og 309/1999.

■ **92. gr.** [Auk ábyrgðartryggingar skv. 91. gr. skal hver ökumaður sem ökutækinu stjórnar tryggður sérstakri slysa-tryggingu, enda hafi hann ekki notað ökutækið í algeru heimildarleysi, sbr. 2. mgr. 90. gr.]

□ Váttryggingin skal tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss, sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins, enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr.

□ Slasist váttryggingartaki sem farþegi í eigin ökutæki eða af völdum þess skal hann eiga rétt til bóta úr váttryggingu þessari, enda verði líkamstjónið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr.

□ Váttryggingin skal tryggja hverjum tjónþola bætur allt að 75 millj. kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Váttryggingarfjárhæðin skal breytast í samræmi við reglu 3. mgr. 91. gr. Váttryggt skal hjá sama váttryggingafélagi og ábyrgðartryggir ökutækið.

□ Ef tjónþoli á rétt á skaðabótum vegna slyssins eftir lögum þessum eða öðrum skaðabótareglum lækka bætur úr þessari váttryggingu sem því nemur.]¹⁾

¹⁾ L. 32/1998, 2. gr.

■ **93. gr.** Váttryggingarskylda skv. 91. og 92. gr. hvílir á eiganda ökutækisins eða þeim sem hefur varanlega umráð þess.

□ Eigi er skylt að kaupa váttryggingu vegna ökutækis í eigu ríkissjóðs.

□ Dómsmálaráðherra getur undanþegið ökutæki, sem eru í eigu erlendra ríkja eða alþjóðastofnana, váttryggingarskylda.

■ **94. gr.** Dómsmálaráðherra setur reglur¹⁾ um váttryggingarskylduna.

□ Váttryggingariðgjald nýtur lögtaksréttar, einnig þótt váttryggt sé fyrir hærri fjárhæð en lögboðið er.

¹⁾ Rg. 556/1993, sbr. 531/1998, 532/1998 og 309/1999; rg. 267/1993, sbr. 555/1993, 96/1996, 313/1999 og 700/1999.

Greiðsluskylda og endurkröfuréttur váttryggingafélags.

■ **95. gr.** Váttryggingafélag er greiðsluskylt gagnvart tjónþola vegna bótakrafna skv. 1. mgr. 91. gr.

□ Nú hefur váttryggingafélag greitt bætur skv. 91. gr. og á þá félagið endurkröfurétt á hendur hverjum þeim sem valdið hefur tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Lækka

má endurkröfu með hliðsjón af sök tjónvalds, efnahag hans, fjárhæð tjónsins eða öðrum atvikum.

□ Bannað er að kaupa váttryggingu gegn endurkröfu váttryggingafélags.

■ **96. gr.** Dómsmálaráðherra skipar nefnd þriggja manna til að kveða á um hvort beita skuli endurkröfurétti vegna gáleysis eða ásetnings þess sem ábyrgð ber á tjóni sem váttryggingafélag hefur bætt samkvæmt lögum þessum. Skal einn nefndarmaður skipaður eftir tilnefningu váttryggingafélaga þeirra sem viðurkenningu hafa skv. 91. gr., einn eftir tilnefningu landssamtaka bifreiðaeigenda, og einn án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Ef ágreiningur verður milli váttryggingafélaganna eða landssamtakanna um tilnefningu sker dómsmálaráðherra úr. Skipunartími nefndarinnar skal vera þrjú ár.

□ Dómsmálaráðherra setur reglur¹⁾ um starfsháttu nefndarinnar, þar á meðal um það hvernig váttryggingafélögin senda nefndinni þau gögn sem félögin hafa reist bótakröfur sínar á.

□ Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, en váttryggingafélögin skulu endurgreiða þann kostnað eftir reglum sem dómsmálaráðherra setur.

¹⁾ Rg. 556/1993, sbr. 531/1998, 532/1998 og 309/1999.

Meðferð skaðabótamála.

■ **97. gr.** Nú er höfðað einkamál til heimtu bóta gegn þeim, sem bótaskyldur er skv. 90. gr., og skal þá höfða slíkt mál jafnframt gegn váttryggingafélagi því, sem ábyrgðartryggt hefur ökutækid.

□ Nú er bótakrafa samkvæmt ákvæðum 88. og 89. gr. höfð uppi í opinberu máli, og skal þá tilkynna váttryggingafélagi því, er ábyrgðartryggt hefur ökutækid, um kröfuna. Hefur félagið þá sama rétt og sökunautur sjálfur til að koma að vörn um í skaðabótamálinu, enda er þá áfellið bindandi fyrir váttryggingafélagið og aðfararhæfur gagnvart því.

■ **98. gr.** Nú eru bætur vegna sama tjóns ákveðnar hærri samtals en váttryggingarfjárhæðinni nemur, og skal þá skipta henni að tiltölu á milli þeirra, sem kröfur eiga vegna tjónsins. Þetta ákvæði gildir einnig, þótt váttryggingarfjárhæðin sé hærri en lögboðið er.

□ Ef einhver þeirra, sem bótarétt eiga samkvæmt framangreindu, hefur eigi tilkynnt félaginu um kröfu sína innan sex mánaða frá tjónsatburði, má váttryggingafélagið vítalaut greiða váttryggingarféð að fullu öðrum þeim, er bótarétt eiga. *Fyrning bótakrafna.*

■ **99. gr.** Allar bótakröfur samkvæmt þessum kafla, bæði á hendur þeim, sem ábyrgð ber, og váttryggingafélagi, svo og endurkröfur váttryggingafélags, fyrnast á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur þessar fyrnast þó í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði.

XIV. Viðurlög.

Refsingar.

■ **100. gr.** Brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum . . .¹⁾ eða fangelsi allt að tveimur árum.

□ Eigi skal þó refsast fyrir brot, sem tilgreind eru í 1. mgr. 108. gr., nema stöðvun eða lagning ökutækis hafi haft í för með sér hættu fyrir aðra eða að óþörfu valdið óþægindum fyrir umferðina.

□ Ef brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, er framið eftir fyrir mælum eða með vitund

og vilja eiganda ökutækis eða stjórnanda í starfi, skal honum einnig refsast fyrir brotið.

□ [Sektir allt að 100.000 krónum fyrir brot á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim skulu ákveðnar í reglugerð²⁾ sem dómsmálaráðherra setur að fengnum tillögum ríkissaksóknara. Í reglugerðinni skal tilgreint hvaða tegunda brota hún tekur til og hvaða sekt og önnur viðurlög skulu koma fyrir hverja tegund brots. Heimilt er að víkja frá ákvæðum reglugerðarinnar ef veigamikil rök mæla með því.

□ Þegar ákvörðun er tekin um sekt vegna brota á tveimur eða fleiri ákvæðum laga þessara eða reglna settra samkvæmt þeim skal sektin vera samtala sekta vegna hvers brots um sig, enda rúmíst refsingin innan sektarmarka almennra hegningarlaga.

□ Veita má sakborningi allt að 25% afslátt af sektarfjárhæð sem lögreglustjóri hefur ákvarðað ef sakborningur greiðir sektina ásamt sakarkostnaði að fullu innan 30 daga frá dagsetningu sektarboðs eða undirritun sektargerðar sem sakborningur hefur gengist skriflega undir.]³⁾

¹⁾ L. 82/1998, 186. gr. ²⁾ Rg. 280/1998, sbr. 664/1998 og 732/2000. ³⁾ L. 57/1997, 3. gr.

[*Svipting ökuréttar.*]¹⁾

¹⁾ L. 44/1993, 25. gr.

■ **101. gr.** [Svipta skal mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki sem ökuskrúteini þarf til ef hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur slíks ökutækis eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns vélknúns ökutækis, varhugavert að hann stjórni vélknúnu ökutæki.

□ [Nú hefur maður á þriggja ára tímabili gerst sekur um þrjú eða fleiri brot á lögum þessum eða reglum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og náð tilteknum punktafjölda samkvæmt punktakerfi vegna umferðarlagabrota, og skal hann þá sviptur ökurétti í þrjú mánuði til viðbótar þeirri sviptingu ökuréttar sem við síðasta brotinu kann að liggja. Dómsmálaráðherra setur, að fenginni umsögn ríkissaksóknara, reglugerð¹⁾ um punktakerfi vegna umferðarlagabrota, þar á meðal um hvaða vægi einstök brot skulu hafa í punktum talið við ákvörðun um beitingu sviptingar ökuréttar vegna uppsöfnunar punkta.]²⁾

□ Svipting ökuréttar skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en einn mánuð, eða ævilangt ef sakir eru miklar eða brot er ítrekað öðru sinni.

□ Svipting ökuréttar felur í sér sviptingu réttar samkvæmt ökuskrúteini og réttar til að öðlast ökuskrúteini.]³⁾

¹⁾ Rg. 431/1998. ²⁾ L. 57/1997, 4. gr. ³⁾ L. 44/1993, 25. gr.

■ **102. gr.** [Nú hefur stjórnandi vélknúns ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr. eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. og skal hann þá sviptur ökurétti. Ef sérstakar málsbætur eru og ökumaður hefur ekki áður gerst sekur um sams konar brot eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem ökumaður má sleppa sviptingu ökuréttar vegna brota á ákvæðum 1., sbr. 2., mgr. 45. gr.

□ Nú hefur stjórnandi ökutækis brotið gegn ákvæðum 1., sbr. 3., mgr. 45. gr. eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. og skal svipting ökuréttar þá eigi vera skemur en eitt ár.

□ Nú hefur stjórnandi ökutækis áður brotið gegn ákvæðum 45. gr. eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. og hann gerist sekur um eitthvert þessara brota og skal svipting ökuréttar þá vera eigi skemur en tvö ár. Ef

bæði brotin varða við ákvæði 1., sbr. 3., mgr. 45. gr. eða 3. mgr. 47. gr. skal svipting þó eigi vera skemur en þrjú ár.¹⁾

¹⁾ L. 23/1998, 2. gr.

Bráðabirgðasvipting.

■ **103. gr.** Nú telur lögreglustjóri skilyrði til sviptingar [ökuréttar]¹⁾ vera fyrir hendi, og skal þá svipta ökomann [ökurétti]¹⁾ til bráðabirgða svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun þessa má bera undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála, og skal lögreglustjóri leiðbeina ökomanni um þann rétt, þegar ákvörðun er birt. Úrlausn héraðsdóms sætir kærui til Hæstaréttar.

□ Sviptingartími skv. 1. mgr. skal dragast frá endanlegum sviptingartíma.

¹⁾ L. 44/1993, 27. gr.

Áhrif áfrýjunar.

■ **104. gr.** Áfrýjun dóms, þar sem kveðið er á um sviptingu [ökuréttar]¹⁾, frestar ekki verkun hans að því leyti. Þó getur dómari ákveðið með úrskurði, að áfrýjun fresti framkvæmd sviptingar, ef sérstaklega stendur á.

¹⁾ L. 44/1993, 28. gr.

Brot erlendis.

■ **105. gr.** Nú hefur íslenskur ríkisborgari eða maður búsettur hér á landi sætt sviptingu [ökuréttar]¹⁾ eða refsingu erlendis fyrir verknað, sem samkvæmt lögum þessum hefði varðað sviptingu [ökuréttar]¹⁾ og má þá svipta hann þeim [rétti]¹⁾ í sérstöku opinberu máli, og koma þá að öðru leyti til framkvæmda ákvæði 101.–104. gr.

¹⁾ L. 44/1993, 29. gr.

[Endurveiting ökuréttar.]¹⁾

¹⁾ L. 44/1993, 30. gr.

■ **106. gr.** [Nú hefur maður verið sviptur ökurétti um lengri tíma en þrjú ár og getur þá dómismálaráðherra, þegar svipting hefur staðið í þrjú ár, heimilað að honum skuli veittur ökuréttur að nýju. Hafi maður verið sviptur ökurétti ævilangt má þó eigi veita ökurétt að nýju fyrir en svipting hefur staðið í fimm ár.]¹⁾

□ Endurveitingu skal því aðeins heimila að sérstakar ástæður um mæli með því, en áður skal leitað umsagnar viðkomandi lögreglustjóra.

¹⁾ L. 44/1993, 30. gr.

Haldsréttur í ökutækjum.

■ **107. gr.** Nú er ökumaður vélknúins ökutækis búsettur erlendis og ökutæki það sem brotið var framið með skráð erlendis, og getur þá lögreglan lagt hald á ökutækið þar til makleg sekt, málskostnaður, gjald vegna stöðvunarbrota, skaðabætur eða iðgjald fyrir lögboðna ábyrgðartryggingu hefur verið greitt eða trygging fyrir greiðslu sett. Ef greiðsla hefur eigi farið fram innan tveggja mánaða frá endanlegri niðurstöðu máls má leita fullnustu í ökutækinu.

□ Þegar hald er lagt á ökutæki skv. 1. mgr. gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga um meðferð opinberra mála um hald á munum. Hald skal því aðeins lagt á að þess sé þörf til að tryggja framangreinda greiðslu. Hafi ökumaður notað ökutæki í algeru heimildarleysi má eigi leggja hald á það.

□ Ákvæði 1. mgr. verður ekki beitt gagnvart ökomönnum sem búsettir eru í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð nema að því er varðar gjald vegna stöðvunarbrota.

Gjald vegna stöðvunarbrota.

■ **108. gr.** Leggja má gjald á vegna brota á:

- [Ákvæðum 4. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 27. gr.,
- ákvæðum a-, b-, h- og i-liða 1. mgr. 28. gr.],¹⁾

c. banni við stöðvun eða lagningu ökutækja, sem gefið er til kynna með umferðarmerki,

d. banni við stöðvun eða lagningu ökutækja, sem sett er skv. 81. gr., enda þótt bannið sé ekki gefið til kynna með umferðarmerki,

e. öðrum ákvæðum um stöðvun eða lagningu, sem sett eru skv. 81. gr. eða 1. mgr. 83. gr., og

f. reglum um notkun stöðureita skv. 2. mgr. 83. gr.

□ Gjaldið skal lagt á með skriflegri tilkynningu, sem fest skal við ökutækið eða afhent ökomanni.

□ Lögreglan annast álagningu og innheimtu gjalds skv. 1. mgr. Dómismálaráðherra getur ákveðið, að á tilteknum svæðum fari álagning gjalds þessa, að öllu leyti eða að hluta, fram með aðstoð sérstakra stöðuvarda. [Hann getur og ákveðið, að ósk sveitarstjórnar, að álagning og innheimta gjaldsins fari, að öllu leyti eða að hluta, fram á vegum sveitarfélagsins. Rennur gjaldið þá í sveitarsjóð og skal því varið til að gera og reka bifreiðastæði og bifreiðageymslur til almenningsnota.]¹⁾

□ Ákvörðun um álagningu gjalds verður ekki borin undir æðra stjórnvald.

□ [Dómismálaráðherra ákveður fjárhæð gjaldsins. Fari álagning fram á vegum sveitarfélags getur sveitarstjórn þó ákveðið fjárhæðina í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Verði á lagt gjald ekki greitt innan tilskilins frests hækkar það um 50%.

□ Dómismálaráðherra setur nánari reglur²⁾ um hvernig gjaldið skuli lagt á og innheimt, þar á meðal um greiðslu- og kærufrest. Má þar ákveða að á lagt gjald, sem eigi er greitt innan nánar tiltekens frests, hækki um 100%.]¹⁾

¹⁾ L. 62/1988, 4. gr. ²⁾ Rg. 104/1988. Augl. 100/1988. Augl. 316/1993.

■ **109. gr.** Gjald, sem lagt hefur verið á skv. 1. mgr. 108. gr., hvílir á þeim, sem ábyrgð ber á stöðvun ökutækis eða lagningu. Eigandi ökutækis eða umráðamaður ber einnig ábyrgð á greiðslu gjaldsins, ef það greiðist ekki innan tilskilins frests, nema sannað verði, að ökumaður hafi notað ökutækið í algeru heimildarleysi. Gjaldið nýtur lögtaksréttar og lögveðs í viðkomandi ökutæki. Lögveð þetta gengur fyrir öllum öðrum réttindum í ökutækinu, en fellur niður við eigendaskipti, hafi hinn nýi eigandi hvorki vitað né mátt vita um lögveðið. Lögveðið gengur þá á eftir kröfum um opinber gjöld, sem tryggð eru með veði í ökutækinu, hafi veðinu verið þinglýst áður en gjaldið var lagt á.

□ Verði álagt gjald ekki greitt innan tilskilins frests, skal senda eiganda ökutækisins eða umráðamanni, á sannanlegan hátt, tilkynningu um, að [krafist verði aðfarar eða nauðungarsölu að tilteknum tíma liðnum],¹⁾ enda hafi greiðsla þá eigi verið innt af hendi. Einnig skal honum gefinn kostur á að koma að mótbárum eða vörnum innan sama tíma.

□ [Verði gjaldið ekki greitt innan frests skv. 2. mgr. og engar mótbáru eða varnir hafa verið hafðar uppi má krefjast nauðungarsölu á lögveðinu til lúkningar gjaldinu án undangengins fjárnáms. Einnig má krefjast fjárnáms hjá þeim sem ber ábyrgð á greiðslu gjaldsins skv. 1. mgr. án undangengins dóms eða sáttar.]²⁾

□ ...³⁾

¹⁾ L. 92/1991, 94. gr. ²⁾ L. 90/1991, 91. gr. ³⁾ L. 92/1991, 94. gr.

Brotflutningur ökutækja.

■ **110. gr.** Heimilt er lögreglu að flytja eða láta flytja brott ökutæki, sem stendur þannig að brjóti í bága við reglur um stöðvun eða lagningu ökutækja, eða að öðru leyti þannig að það valdi truflun á umferð, snjómokstri eða vinnu við veg. Sama á við um skráningarskyld ökutæki, sem skilið hefur

verið eftir án skráningarmarkja, og ökutæki, sem telja verður að eigandi hafi yfirgefið að fullu. Enn fremur ökutæki, sem stendur á einkalóð eða opinberri lóð þannig að valdi eiganda eða umráðamanni hennar tjóni eða óþægindum eða gegn banni hans. Standi ökutækið á svæði, sem ekki er ætlað til almennrar umferðar, skal það því aðeins flutt á brott, að eigandi eða umráðamaður lóðar krefjist þess.

□ Ökutæki skal færa til geymslu á tryggan stað, sem lögreglan vísar á, nema ökumaður eða eigandi (umráðamaður) sé viðstaddur og flytji það þegar á brott eða vísi á annan geymslustað. Er geymsla ökutækisins á ábyrgð eiganda. Kostnað vegna flutnings og geymslu skal ökumaður greiða. Ef ökumaður er óþekktur eða greiðir ekki þrátt fyrir áskorun þar um, ber eigandi (umráðamaður) ökutækisins jafnframt ábyrgð á greiðslu kostnaðarinnar, nema ökumaður hafi notað ökutækið í algeru heimildarleysi. Heimilt er að halda ökutæki í geymslu til tryggingar greiðslu kostnaðar. Kostnað má innheimta með lögtaki.

□ Lögreglustjóri skal tilkynna eiganda ökutækis um flutning þess, hvenær hann fór fram og hvar ökutækið er í geymslu. Í tilkynningu skal jafnframt koma fram, að verði ökutækið eigi sótt innan tiltekins frests og áfallinn kostnaður greiddur, verði það selt. Ef eigandi er óþekktur, má selja ökutækið einum mánuði eftir að það var fjarlægð.

□ Að loknum fresti skv. 3. mgr. skal selja ökutækið [við nauðungarsölu]¹⁾ eða til niðurrifs, ef ætla má að herra verði fáið þannig. Söluandvirði rennur í ríkissjóð. Eigandi ökutækisins getur þó, innan árs frá því sala fór fram, krafist greiðslu á söluandvirðinu, að frádregnum kostnaði við flutning, geymslu og sölu ökutækisins.

□ Ákvæði 3. og 4. mgr. um geymslu og sölu ökutækja gilda, eftir því sem við á, um önnur ökutæki í vörslu lögreglu eða bifreiðaeftirlits.

□ [Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að fenginni ósk sveitarstjórnar, að framkvæmd ákvæða í grein þessari fari, eftir því sem við á, að öllu leyti eða að hluta fram á vegum sveitarfélagsins. Hann getur og sett nánari reglur um framkvæmdina, þar á meðal um greiðslu geymslukostnaðar.]²⁾

¹⁾ L. 90/1991, 91. gr. ²⁾ L. 62/1988, 5. gr.

XV. Umferðarráð, umferðarfræðsla o.fl.

■ **111. gr.** Almenningsi skal veitt fræðsla í umferðarlöggjöf og öðru því, sem stuðlað getur að umferðaröryggi og umferðarmenningu.

■ **112. gr.** Dómsmálaráðherra skipar Umferðarráð til þriggja ára í senn, og skal hlutverk þess vera:

a. að beita sér fyrir bættum umferðarháttum,

b. að beita sér fyrir því að haldið sé uppi umferðarfræðslu,

c. að vera fræðsluþvöldum, umferðarnefndum sveitarfélaga og samtökum, er vinna að bættari umferðarmenningu, til hjálpar og ráðuneytis, eftir því sem óskað er og aðstæður leyfa,

d. að standa fyrir útgáfu fræðslurita og bæklinga um umferðarmál og hafa milligöngu um útvegum kennslutækja og annarra gagna til nota við fræðslustarfsemi,

e. að hafa milligöngu um umferðarfræðslu í ríkisútvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi) og öðrum fjölmiðlum,

f. að sjá um, að á hverjum tíma sé til vitneskja um fjölda, tegund og orsakir umferðarslysa í landinu með samræmdri slysaskráningu lögreglu, slysadeilda, sjúkrahúsa og tryggingafélaga sem ná yfir landið allt,

g. að beita sér fyrir könnunum á umferðarháttum og öðru, er umferð varðar,

h. að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál,

i. að fylgjast með þróun umferðarmála erlendis og hagnýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á því [sviði],¹⁾

j. að leitast við að sameina sem flesta aðila til samstilltra og samræmdra átaka í umferðarslysavörnum og bættari umferðarmenningu,

k. [að hafa með höndum umsjón með ökunámi, eftirlit með ökukennslu og að annast ökuþróf [og]¹⁾]²⁾

l. [að annast önnur verkefni samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra].¹⁾

□ Umferðarráði ber að hafa samvinnu við þá aðila, félög, samtök og stofnanir, sem fjalla um umferðarmál í landinu og láta sig umferðaröryggi varða.

□ Umferðarráði ber [a.m.k. annað hvert ár]¹⁾ að efna til opinna ráðstefnu um umferðaröryggismál.

¹⁾ L. 44/1993, 31. gr. ²⁾ L. 12/1992, 1. gr.

■ **113. gr.** Dómsmálaráðherra skipar tvo fulltrúa í Umferðarráð án tilnefningar. Skal annar þeirra vera formaður ráðsins en hinn varaformaður.

□ [Aðra fulltrúa í Umferðarráð skipar ráðherra samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.]¹⁾²⁾

¹⁾ Rg. 86/1997, sbr. 181/1997 og 93/2000. ²⁾ L. 138/1996, 13. gr.

■ **114. gr.** [Dómsmálaráðherra skipar stjórn Umferðarráðs. Skal stjórnin skipuð formanni ráðsins og varaformanni og auk þess þremur ráðsmönnum sem ráðherra skipar til eins árs í senn, tvo þeirra samkvæmt tilnefningu Umferðarráðs. Þess skal gætt að einhver stjórnarmanna hafi þekkingu á sviði ökukennslu.

□ Stjórnin hefur með höndum yfirstjórn á starfsemi Umferðarráðs, boðar fundi í ráðinu, undirbýr dagskrá fundar þess og leggur fyrir það skýrslu um starfsemi ráðsins.

□ [Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Umferðarráðs til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar þess.]¹⁾²⁾

□ [Dómsmálaráðherra getur skipað sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa. Nefndarmenn skulu hafa sérfræðiþekkingu, svo sem að því er varðar umferðarlöggjöf, löggæslu, slysalækningar, umferðarskipulag, bifreiðatekni eða váttryggingar. Dómsmálaráðherra ákveður fjölda nefndarmanna og setur nánari reglur³⁾ um starfsemi nefndarinnar.]⁴⁾

¹⁾ L. 83/1997, 21. gr. ²⁾ L. 12/1992, 3. gr. ³⁾ Rg. 681/1998. ⁴⁾ L. 138/1996, 14. gr.

■ **115. gr.** Dómsmálaráðherra ákveður þóknun [stjórnar]¹⁾ Umferðarráðs, en að öðru leyti eru störf fulltrúa í Umferðarráði ólaunuð.

□ Kostnaður við starfsemi Umferðarráðs greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum.

□ [Leggja skal á sérstakt umferðaröryggisgjald er renni til Umferðarráðs, að fjárhæð 200 kr., og greiðist það við almenna skoðun ökutækis, skráningu ökutækis og skráningu eigendaskipta að ökutæki. Ráðherra setur reglur²⁾ um innheimtu gjaldsins og um skil þess í ríkissjóð.]³⁾

¹⁾ L. 12/1992, 4. gr. ²⁾ Rg. 681/1995. ³⁾ L. 147/1995, 1. gr.

■ **116. gr.** Sveitarstjórnnum ber að fræða almenning um umferðarmál, eftir því sem staðhættir gefa efni til, svo og þær sérreglur, er gilda á hverjum stað.

□ Sveitarstjórn getur skipað umferðarnefnd til þess að stuðla að umferðarfræðslu og vinna að bættu skipulagi umferðarmála í sveitarfélaginu. Slíka nefnd skal skipa í kaupstöðum og kaupúnahreppum. Sveitarstjórnnum er heimilt að

stofna sameiginlega umferðarnefnd, er hafi með höndum framangreind verkefni.

□ Sveitarstjórn eða sveitarstjórnir setja nánari reglur um skipun og starfssvið umferðarnefnda.

■ **117. gr.** Kennsla í umferðarreglum skal fara fram í grunnskólum. Menntamálaráðherra setur, að fenginni umsögn Umferðarráðs, reglugerð um tilhögun kennslunnar og prófkröfur.¹⁾ Ráðherra getur og með sama hætti sett reglur um slíka kennslu í öðrum skólum.

¹⁾ Rg. 534/1989.

XVI. Ýmis ákvæði.

Gildistaka.

■ **118. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1988.

□ ...

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Fullnaðarskírteini, sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku laga þessara án sérstakrar tímatakmerkingar, skulu gilda áfram án áritunar þar til hlutaðeigandi er fullra 70 ára. Ákvæði þetta gildir ekki um ökuskírteini til að mega stjórna ökutækjum skv. 3. mgr. 27. gr. umferðarlaga, nr. 40 23. apríl 1968.

□ Hafi maður verið sviptur ökuréttindum ævilangt fyrir gildistöku laga þessara má veita ökuréttindi að nýju þegar svipting hefur staðið í þrjú ár enda hafi hann eigi áður fengið slíkt leyfi.

□ ...¹⁾

¹⁾ L. 44/1993, 32. gr.

■ **[II. ...¹⁾]²⁾**

¹⁾ L. 32/1998, 3. gr. ²⁾ L. 48/1997, brbák.